Íþróttafélag Reykjavíkur
Stofnað 1907

Starfsskýrsla 2020-2021
og ársreikningur fyrir starfsárið 2020

Efnisyfirlit

Ávarp formanns ÍR. 4
Skýrsla Aðalstjórnar Íþróttafélags Reykjavíkur 6
Aðalstjórn og starfsemi 6
ÍÞRÓTTAAÐSTAÐA ÍR 8
Frjálsíþróttadeild ÍR 11
Skýrsla stjórnar starfsárið 2020 - 2021 11
Landslið, úrvals- og stórmótahópur FRÍ 13
Handknattleiksdeild ÍR 18
Yngri flokkar 19
Júdódeild Íþróttafélags Reykjavíkur 21
Karatedeild ÍR Ársskýrsla 2021 24
Ársskýrsla Keiludeildar ÍR 25
Helsti árangur ÍR keilara á árinu 2020 28
Knattspyrnudeild ÍR 35
Ársskýrsla stjórnar 2020 - 2021 35
Körfuknattleiksdeild ÍR 41
MEISTARAFLOKKUR KVENNA: 41
Skíðadeild ÍR - 43
Fjármál og rekstur 44
Þjálfun veturinn 2020-21 44
Taekwondodeild ÍR 47
Magnúsarsjóður Menntunar-og afrekssjóður ÍR 49
Sjóðurinn – skipan og fjármagn 49
Markmið sjóðsins 50
Lög Íþróttafélags Reykjavíkur 51
Ársreikningar íþróttafélags Reykjavíkur fyrir árið 2020 57

Ávarp formanns ÍR.

Það er ekki ofsögum sagt að árið 2020 var einkennilegt ár fyrir iðkendur og starfsmenn Íþróttafélags Reykjavíkur(ÍR) enda hafði Covid-19 mikil áhrif á starfsemi félagsins, land, þjóð og reyndar heiminn allan. Mannvirkjum var lokað, engar æfingar leyfðar og keppnir felldar niður. Endurskipuleggja þurfti daglegan rekstur ÍR og það jafnvel oft yfir stutt tímabil. Starfsmenn ÍR eiga hrós skilið hversu vel til tókst og fyrir það að vera tilbúin að takast á við hin ýmsu verkefni með jákvæðni og vandvirkni að leiðarljósi. Allt bendir þó til þess að bjartari tímar séu framundan og að þjóðin verði að mestu bólusett á árinu 2021 og við óbreytt ástand þá getur ÍR sem og önnur íþróttafélög haldið starfsemi sinni gangandi með eðlilegum hætti.

ÍR skipar stórt hlutverk í samfélaginu og hafa þeir sem sitja í borgarstjórn staðfest það á orði og á borði og þá sérstaklega með þeim mannvirkjum sem nú risa hér á aðalsvæði félagsins í suður Mjódd. Bætt aðstaða og mannvirkjamál hefur tekið yfir stóran hluta af starfi aðalstjórna ÍR undanfarna áratugi enda er það hlutverk hennar að leita leiða til bæta aðstöðu, tryggja rekstrargrundvöll félagsins og semja við Reykjavíkurborg og/eða Íþróttabandalag Reykjavíkur (ÍBR).
Helsta baráttumál mitt sem formaður aðalstjórnar hefur verið að vinna að því að iðkendur úr deildum félagsins geti sameinast á æfingum á aðalsvæði ÍR. Það mun gera ÍR að enn öflugra félagi og færir okkur nær hvort öðru. Það gefur jafnframt iðkendum, forsvarsmönnum, þjálfurum og sjálfboðaliðum betri innsýn í hversu stórbrotið starf er unnið í öllum deildum innan ÍR.

Tilgangur ÍR er fyrst og fremst að ná til barna og unglinga, tryggja framúrskarandi þjálfun og góða aðstöðu til íþróttaiðkunar sem veitir einstaklingum tækifæri að þróast og eflast sem íþróttafólk og um leið sem einstaklingar. ÍR sinnir lykilhlutverki í heilsueflingu og stuðlar að heilbrigði og hamingju einstaklinga. Bætt aðstaða er þegar farin að styðja vel við það hlutverk og efla okkur enn frekar í að bjóða fleiri börn og unglinga velkomin til okkar.

Ég hef starfað í aðalstjórn ÍR rúmlega átta ár og af þeim tíma verið formaður í rúmlega fimm ár. Árin hafa öll verið mjög viðburðarík en jafnframt skemmtileg og er ekki hægt að segja annað en starfsárin 2019 til 2021 hafi verið lærdómsríkt, mjög krefjandi og á köflum mjög erfið fyrir okkur sem sitjum í aðalstjórn félagsins. Í lok árs 2019 kom upp sérlega erfitt mál sem gerði það að verkum að uppgjör og ársreikningar félagsins voru ekki tilbúnir fyrr en um haustið 2020. Þegar halda átti aðalfund höfðu samkomutakmarkanir verið settar á sem leiddi til þess að ekki var unnt að halda fundinn með þeim hætti sem venja er. Stjórnarmenn í aðalstjórn ÍR ákváðu þá að fresta fundinum í samráði við ÍSÍ og ÍBR og sitja annað ár í stjórn félagsins og styðja þannig við starf skrifstofu og tryggja eftir fremsta megni að halda daglegum rekstri með eins eðlilegum hætti og unnt var.

ÍR hefur á að skipa öflugum hópi sjálfboðaliða og hefur það margoft komið í ljós að þegar á reynir skiptir ekki máli úr hvaða íþróttadeild aðilar komu, að allir voru tilbúnir að aðstoða. Ljóst er þó að sjálfboðaliðum fer fækkandi en allar stjórnir deildanna eru mannaðar að sjálfboðaliðum sem þýðir að engin af þeim aðilum sem sitja þar þiggja laun fyrir ómetanleg störf sín við að leiða félagið, deildir, barna- og unglingastarf, afreksíþróttir eða meistaraflokka. Það að starfa sem sjálfboðaliði í íþróttafélagi er gefandi þótt að oft blási hressilega á þá sem standa í fremstu línu. Mikilvægt er því að traust haldist á milli manna og að komið sé fram af fyllstu heilindum og fagmennsku.

Töluvert fjármagn þarf til að halda úti meistaraflokkum og afreksíþróttafólki og það mæðir því mikið á sjálfboðaliðum í stjórnum eða ráðum deildanna að safna fé til að halda þessum flokkum gangandi. Reykjavíkurborg (ÍTR), ÍBR eða aðildarfélög styrkja ekki afrekstarfið nema að aðeins að hluta til og þá aðallega með óbeinum hætti t.d. með því að tryggja þeim aðstöðu til æfinga og keppni. Allt bendir til þess að afreksstarfið verði dýrara með hverju árinu og er því mikilvægt á komandi árum að fundnar verða leiðir til að afla tekna fyrir félagið til framtíðar sem getur bæði farið í að styrkja starfsemi skrifstofu og deildanna.

Fjölnota knatthús með aðstöðu fyrir frjálsar og lyftingaraðstöðu var tekið í notkun í haust og hefur það verið fullnýtt þegar leyft hefur verið að hafa æfingar og mannvirki ÍR opin. Þrátt fyrir Covid-19 ástand þá rís parkethúsið hratt upp og standa vonir til að hægt verði að taka það í notkun ekki seinna en í maí 2022. Á árinu verður svo vonandi hafist handa við að reisa hús fyrir fimleika- og bardagadeildirnar. Ekki hefur enn tekist að ná samningi við borgina um aðstöðu fyrir iðkendur keiludeildar félagsins en það er von okkar í aðalstjórn og deildarinnar að keilusal verði komið fyrir í tengibygginu milli húsanna. Þegar eru til frumdrög að teikningu af slíkri aðstöðu. Keilusalur þar myndi án efa efla íþróttina í Reykjavík til muna og einnig er áhugavert að geta boðið eldri borgurum sem fer fjölgandi í nágrenni ÍR upp á fjölbreyttari íþróttaiðkun í Breiðholtinu. Svæði félagsins í Suður Mjódd er eitt fjölbreyttasta íþróttasvæði á Íslandi.

Ég hef ákveðið að gefa ekki kost á mér áfram sem formaður félagins og vil ég af því tilefni þakka öllum sem unnið hafa með mér í gegnum tíðina. Það hefur verið ómetanlegt að vinna með öllu því góða fólki sem starfar í kringum félagið, iðkendur, sjálfboðaliðar, aðalstjórn, stjórnir deildanna, starfsmönnum ÍR, ÍBR, ÍTR og Reykjavíkurborgar.

Ég veit að framtíð ÍR er björt.

Takk fyrir mig

Ingigerður Guðmundsdóttir (Inga), formaður aðalstjórnar ÍR.

Skýrsla Aðalstjórnar Íþróttafélags Reykjavíkur

Starfsárið 2020 – 2021

Aðalstjórn og starfsemi

Aðalfundur ÍR var haldinn 2. júní 2019 í ÍR-heimilinu, Skógarseli 12. Ekki var haldinn aðalfundur ÍR árið 2020 vegna samkomutakmarkana af völdum Covid, en gefin var út ársskýrsla og ársreikningur fyrir starfsárið 19/20. Aðalstjórn var því áfram skipuð sem hér segir: Ingigerður Guðmundsdóttir, formaður, aðrir meðlimir í aðalstjórn eru Sigurður Albert Ármannsson, Reynir Leví Guðmundsson, Addý Ólafsdóttir, Rúnar G. Valdimarsson, Kristín Steinunn Birgisdóttir og Lísa Björg Ingvarsdóttir. Stjórn skiptir með sér verkum þannig að Addý Ólafsdóttir er varaformaður, Reynir Leví gjaldkeri og Sigurður Albert ritari. Rúnar, Kristín Steinunn og Lísa Björg eru meðstjórnendur.

Ómar Kristjánsson frá Íslenskum endurskoðendum er endurskoðandi félagsins.
Á starfstíma stjórnar á liðnu starfsári voru haldnir 10 bókaðir stjórnarfundir.

STARFSFÓLK ÍR

Á liðnu starfsári störfuðu eftirfarandi starfsmenn hjá félaginu í Skógarseli:
Hrafnhild Hermóðsdóttir hóf störf sem framkvæmdastjóri í júlí 2020.
Ísleifur Gissurarson gegnir stöðu íþróttastjóra.
Guðrún Grímsdóttir gegndi stöðu bókara félagsins fram til mars 2021.
Kristín Jóhannsdóttir tók við stöðu bókara í mars 2021.
Brynja Guðmundsdóttir gegnir stöðu innheimtufulltrúa.
Jakob Hallgeirsson gegnir stöðu rekstrarstjóra mannvirkja.
Kristinn Bjarnason gegnir stöðu vallarstjóra.
Auk ofangreindra starfsmanna starfaði í fullu starfi fólk við húsvörslu í öllum íþróttahúsum sem félagið hefur umsjón með en það eru ÍR-heimilið í Skógarseli, íþróttahúsið við Austurberg og íþróttahús Breiðholtsskóla og Seljaskóla.
Starfsmenn íþróttahúsa ÍR:

Austurberg: Emir Dervic, Oddný H Helgadóttir, Dusko Veselinovic

Breiðholtsskóli: Björn Þorláksson 50% staða veturinn 20/21, Gísli Fannar Vilborgarson 50% staða veturinn 20/21, Salma Becic, Valdimar Stefán Hólmsteinsson

ÍR-Heimili: Guðjón Helgi Guðjónsson, Anna Brá Bjarnadóttir hætti í janúar 2021 og Þorri Þorvaldsson hóf störf í janúar 2021.

Seljaskóli: Zdravko Boloban, Elísabet Benediktsdóttir, Svanur Fannar Valentínusson.

Einnig störfuðu talsvert á annað hundrað manns við þjálfun hjá deildum, við sumarstörf á völlum eða á sumarnámskeiðum félagsins.
Auk starfsmanna félagsins starfaði á vegum deildanna mikill fjöldi sjálfboðaliða í margvíslegum verkefnum fyrir félagið.
Sjálfboðaliðar sinna allri stjórnarsetu í deildum félagsins og aðalstjórn, og skipa nefndir innan deilda félagsins.
Einnig sjá sjálfboðaliðar um mótahald og önnur verkefni sem falla til og sérsambönd gera kröfur um.

FUNDIR MEÐ DEILDUM OG AÐALFUNDIR DEILDA

Fundur formanna og gjaldkera fór fram þann

Húsanefnd félagsins hittist 5 sinnum á starfsárinu en í þeirri nefnd sitja fulltrúar stærstu deildanna, þ.e. frjálsra íþrótta, knattspyrnu, handbolta og körfubolta. Þessir fulltrúar eru: Margrét Héðinsdóttir, Hlynur Elísson, Elvar Guðmundsson, Sturla Ásgeirsson og Jakob Hallgeirsson. Húsanefndin fundaði þó mun oftar og fjarfundir og tölvupóstar voru megin samskiptamátinn – í samræmi við samkomutakmarkanir.
Aðalfundir deilda ÍR voru haldnir á tímabilinu 5. maí – 20. maí 2021.

REKSTUR FÉLAGSINS OG DEILDA

Aftur var nýliðið rekstrarár mjög óvenjulegt sökum heimsfaraldursins sem geisað hefur frá í febrúar 2020. Starfsemi félagsins og allra deilda hefur litast verulega af þessu eins og samfélagið allt. Hefur íþróttastarf verið stopult í vetur með misjöfnum sóttvarnaraðgerðum og samkomutakmörkunum en þó hafa þjálfarar og starfsfólk félags og deilda unnið gott og mikilvægt starf við að halda iðkendum á tánum með ýmsum heimaæfingum og verkefnum þegar hefðbundið íþróttastarf hefur legið niðri.

REKSTUR ÍÞRÓTTAHÚSA OG VALLA

ÍR sér um rekstur þriggja íþróttahúsa, Austurbergs, Seljaskóla og Breiðholtsskóla auka mannvirkja og valla í Skógaseli. Þar eru ÍR-heimilið, fjölnotahús ÍR og vallarhús frjálsíþróttavallar ÍR. Rekstur íþróttahúsanna gengur eftir atvikum vel og er nýting þeirra sérlega góð.
Rekstur nýs fjölnotahúss í Skógarseli hefur gefið starfsemi félagsins nýja vídd en þar hefur frjálsíþróttadeild ÍR einnig +rými til að stækka enn frekar í Breiðholti ásamt því að knattspyrnudeildin hefur einnig öðlast enn betri aðstæður til æfinga.
Gervigrasvelli hússins er einnig deilt með öðrum Reykvískum félögum sem eiga rétt á innitíma í húsinu.

Þar að auki er í húsinu stór og mikill lyftingasalur sem er vel nýttur og þar er gaman að sjá þegar íþróttafólk úr mismunandi deildum æfir saman undir sama þaki en það hefur ekki sést í lengri tíma.

IÐKENDUR OG ÆFINGAGJÖLD

Skráðir iðkendur árið 2020 voru 1.932 í þeim tíu íþróttagreinum sem félagið býður upp á.

Skráður iðkendafjöldi var sem hér segir:

Fimleikar 98
Frjálsíþróttir 326

Handknattleikur 276
Júdó 15
Karate 58
Keila 195
Knattspyrna 517
Körfubolti 312
Skíði 56
Taekwondo 79

Að auki var eftirfarandi starfsemi í gangi á vegum aðalstjórnar ÍR:

- Um 260 börn tóku þátt í íþróttaverkefni ÍR og leikskólanna í Breiðholti

- 180 börn tóku þátt í Íþróttaskóla ÍR 2-5 ára.

- 192 börn tóku þátt í Sumargamni ÍR, sumarnámskeið 6-9 ára barna.

- Á bilinu 40-45 eldri borgarar mæta tvisvar í viku í verkefnið „Hreyfing eldri borgara“.

SUMARNÁMSKEIÐ ÍR

Sumarnámskeið á vegum aðalstjórnar ÍR var rekið með sambærilegum hætti árið 2020 og verið hefur undanfarin ár. Námskeiðið heitir ,,Sumargaman ÍR” og samanstóð af níu vikulöngum námskeiðum fyrir börn á aldrinum 6-9 ára. Umsjónarmenn sjá um að viðhalda fjölbreytttri dagskrá þar sem farið er í ýmsar vettvangsferðir um höfuðborgarsvæðið ásamt því að leika og stunda íþróttir á ÍR-svæðinu. Einnig standa deildir félagsins fyrir ýmsu sumarstarfi en árið 2020 voru knattspyrnudeild og körfuknattleiksdeild með námskeið í sínum greinum.

ÞORRABLÓT ÍR 2021

Þrátt fyrir samkomutakmarkanir og sóttvarnaraðgerðir tókst ÍR-ingum samt að halda uppi hefðum félagsins um árlegt þorrablót í byrjun árs 2021. Að þessu sinni var þorrablót ÍR rafrænt en þrátt fyrir það var öllu tjaldað til og hátíðin hin glæsilegasta frá A-Ö. Sett var saman bein útsending með samsetningu af ýmsum atriðum frá deildum og félagsfólki ÍR ásamt tónlistaratriði frá Ingó veðurguði. Útsendingunni stýrði svo hin bráðskemmtilega Anna Svava Knútsdóttir. ÍR-ingar um land allt gátu fylgst með heima úr stofu með því að horfa á streymið í gegnum Vísi.is eða Facebook-síðu Þorrablóts ÍR. Þá gátu ÍR-ingar á höfuðborgarsvæðinu einnig pantað heim matarbakka frá Múlakaffi til að taka Þorrastemmninguna alla leið. Skemmst er frá því að segja að blótið í ár hafi tekist einstaklega vel til og veitti öðrum félögum og fyrirtækjum innblástur til að gera slíkt hið sama. Þorrablótsnefnd ÍR á miklar þakkir skildar fyrir hugmyndaflugið úrræðagetu við framkvæmdina sem var félaginu til mikils sóma.

ÍÞRÓTTAAÐSTAÐA ÍR

FJÖLNOTAHÚS ÍR TILBÚIÐ

Stórt skref í sögu félagsins var stigið þann 4. september 2020 þegar nýtt fjölnotahús félagsins var formlega vígt af Degi B. Eggertssyni borgarstjóra Reykjavíkur og Ingigerði Guðmundsdóttur formanni ÍR. Fulltrúar ÍR í byggingarnefnd hússins voru þeir Runólfur Bjarki Sveinsson og Sturla Ásgeirsson sem unnu þar ómetanlegt starf af fagmennsku og metnaði við að tryggja hagsmuni félagsins.
Nýja húsið er alls um 5.300 m2 að stærð og rúmar hálfan knattspyrnuvöll og

frjálsíþróttasvæði með tartan gerviefni. Þar er einnig stökkgryfja og rými fyrir ýmsar tæknigreinar í frjálsum íþróttum. Einnig er stór salur sem mun hýsa lyftingasal félagsins sem iðkendur á afreksstigi geta nýtt sér. Geymslur og salerni eru í húsinu ásamt tveimur búningsklefum. Á annari hæð hússins er einnig mikill og langur salur sem verður nýttur sem félagsaðstaða fyrir allar deildir ÍR, ásamt því að þar geta foreldrar fylgst með æfingum barna sinna gegnum gler. Frekari hugmyndir um nýtingu þess rýmis eru enn í mótun.

AÐSTAÐA FYRIR SJÁLFSVARNARÍÞRÓTTIR

Undir merkjum ÍR eru starfræktar þrjár tegundir sjálfsvarnaríþrótta, Júdó, Karate og Taekwondo. Júdó og Taekwondo æfingar fara eingöngu fram í Skógarseli í íþróttasal ÍR-heimilis en karateæfingar fara að mestu fram í Austurbergi en þó að hluta í ÍR-heimili. Aðstaða þessara deilda tók miklum framförum þegar nýtt fjölnotahús opnaði á haustdögum 2020 en þá færðist lyftingaaðstaða félagsins úr íþróttasalnum í ÍR heimili. Salurinn var svo loks tekinn í gegn, málaður og lagaður og er nú aðstaða sjálfsvarnargreina tvöfalt stærri en hún var fyrir ári síðan.

NÝTT PARKETHÚS Í BYGGINGU

Á undanförnum misserum hefur mikið verið í gangi í framkvæmdum á ÍR-svæðinu í Skógarseli en nú standa yfir framkvæmdir við byggingu nýs íþróttahúss sem mun hýsa nýjan keppnisvöll körfuknattleiks- og handknattleiksdeildar ÍR. Á árinu 2020 var einnig nýtt fjölnota íþróttahús félagsins opnað en þar er að finna æfingasvæði fyrir knattspyrnudeild og frjálsíþróttadeild ásamt lyftingasal sem ætlaður er öllum deildum.

HEILSUEFLANDI BREIÐHOLT

ÍR er aðili að verkefninu Heilsueflandi Breiðholt sem gengur út á að efla og hvetja til hreyfingar, bæta næringu, lífsstíl og líðan Breiðholtsbúa. Meginhlutverk ÍR er að vinna áfram að fjölbreyttu framboði hreyfingar og þátttöku í frístundastarfi fyrir alla aldurshópa í Breiðholti og efla starf deildanna í öllum áhersluþáttum verkefnisins.

ÍÞRÓTTAVERKEFNI ÍR OG LEIKSKÓLANNA

Íþróttaverkefni ÍR og leikskólanna var áfram starfrækt á árinu 2020 en alls taka ellefu leikskólar þátt í verkefninu, þar af sex í Bakka- og Seljahverfi og fimm í Fella- og Hólahverfi. Með styrkveitingu úr opinberum sjóðum og frá Reykjavíkurborg er hægt að bjóða upp á þátttöku í verkefninu án endurgjalds. Þjálfari á vegum ÍR fer á milli íþróttahúsa í grennd við leikskólana þar sem hver hópur fær einn tíma í viku þar sem markmiðið er að þjálfa hreyfifærni barna á leikskólaaldri með skemmtilegum æfingum. Þjálfari verkefnisins er Sigfús Ómar Höskuldsson.

SAMSTARFSSAMNINGAR OG STYRKIR

MAGNÚSARSJÓÐUR

Árið 2020 fór ekki fram úthlutun úr Magnúsarsjóði ÍR vegna aðstæðna en lítið var um verkefni íþróttafólks á því ári.

STYRKVEITINGAR ÚR OPINBERUM SJÓÐUM

Styrkir fengust frá Lýðheilsusjóði, Verkefnasjóði ÍBR, Íþróttasjóði ríkisins, Samfélagssjóði Landsbankans og Hverfasjóði Breiðholts til framkvæmdar á margvíslegum verkefnum félagsins. Má þar nefna Tinnuverkefni ÍR og Þjónustumiðstöðvar, íþróttastarf fyrir eldri borgara, styrkir til kaupa á búnaði í líkamsræktarsal og margt fleira.

30. VERÐLAUNAHÁTÍÐ ÍR

Verðlaunaafhending ÍR fyrir íþróttafólk ársins var með öðru sniði en vanalega vegna samkomutakmarkana. Að venju var íþróttafólk félagsins heiðrað ásamt því að valin voru íþróttakona og íþróttakarl ÍR fyrir árið 2020. Hins vegar fór ekki fram nein hefðbundin verðlaunaafhending heldur voru myndbönd gerð um allt íþróttafólk sem tilnefnt var. Að lokum fór Ingigerður formaður heim til þeirra sem valdir voru íþróttafólk ÍR árið 2020 og veitti þeim viðurkenningu.

Tilnefningar deilda til íþróttakonu og íþróttakarls ÍR árið 2020:

Frjálsíþróttakarl ÍR: Guðni Valur Guðnason
Frjálsíþróttakona ÍR: Guðbjörg Jóna Björnsdóttir
Handknattleikskarl ÍR: Úlfur Gunnar Kjartansson
Handknattleikskona ÍR: Margrét Valdimarsdóttir
Júdókarl ÍR: Jon Tabaku
Karatekarl ÍR: Aron Anh Ky Huynh
Karatekona ÍR: Dunja Dagný Minic
Keilukarl ÍR: Hafþór Harðarson
Keilukona ÍR: Hafdís Elva Laufdal Pétursdóttir
Knattspyrnukarl ÍR: Viktor Örn Guðmundsson
Knattspyrnukona ÍR: Unnur Elva Traustadóttir
Körfuknattleikskarl ÍR: Collin Pryor
Körfuknattleikskona ÍR: Arndís Þóra Þórisdóttir
Skíðakona ÍR: Sigríður Dröfn Auðunsdóttir
Taekwondokarl ÍR: Sveinn Logi Brynjarsson
Taekwondokona ÍR: Ibtisam El-Bouazzati

Úr hópi tilnefndra íþróttamanna þóttu Guðni Valur Guðnason og Guðbjörg Jóna Björnsdóttir skara fram úr og hlutu þar með titil sem íþróttakarl og íþróttakona ÍR árið 2020.

GUÐNI VALUR GUÐNASON, ÍÞRÓTTAKARL ÍR 2020

Guðni Valur setti Íslandsmet í kringlukasti og kastaði hann 69,35 metra á móti í Laugardal 16. september 2020. Er það stigahæsta frjálsíþróttaafreks Íslendings frá upphafi frjálsra íþrótta á Íslandi eða 1232 stig.
Guðni Valur varð Íslandsmeistari í kringlukasti og kúluvarpi 2020. Guðni er í 5. sæti á heimslista Alþjóða frjálsíþróttasambandsins í kringlukasti og 2. sæti á Evrópu-listanum.
Guðni Valur bætti einnig árangur sinn í kúluvarpi á árinu 2020 og var með lengsta kast ársins á Íslandi í kúluvarpi, bæði innanhúss og utanhúss.

GUÐBJÖRG JÓNA BJÖRNSDÓTTIR, ÍÞRÓTTAKONA ÍR 2020

Guðbjörg Jóna átti mjög gott ár þar sem hún bætti árangur sinn í 200 metra hlaupi innanhúss á árinu þegar hún sigraði á Reykjavíkurleikunum 2020. Guðni varð Íslandsmeistari í 100 og 200 metra hlaupi utanhúss á árinu og einnig Íslandsmeistari með sveit ÍR í 4x100 metra hlaupi.
Guðbjörg var með stigahæsta afrekið innanhúss í kvennaflokki árið 2020.

FRJÁLSÍÞRÓTTADEILD ÍR

Skýrsla stjórnar starfsárið 2020 - 2021

Aðalfundur og skipan stjórnar

Aðalfundur frjálsíþróttadeildar ÍR var haldinn í Laugardalshöll 18. ágúst 2020. Rúnar G. Valdimarsson var kjörinn formaður, önnur í stjórn voru kjörin Haraldur Úlfarsson varaformaður, Fríða Rún Þórðardóttir umsjónarmaður fimleika, Óðinn Björn Þorsteinsson og Kristín Birna Ólafsdóttir. Þá var Unnur Árnadóttir gjaldkeri utan stjórnar.

Æfingar og útbreiðsla

Á árinu var fjöldi skráðra einstaklinga í deildinni er 370.

Þessir einstaklingar skiptast sem hér segir:

Frjálsar íþróttir um 280 iðkendur.

Fimleikar og parkour um 50 iðkendur.

Skokkhópur um 40 iðkendur.

Með tilkomu knatthúss í Mjóddinni haustið 2020 var ákveðið að bjóða uppá æfingar fyrir iðkendur 13 – 14 ára í Breiðholti og hefur það mælst vel fyrir. Eins og áður var boðið uppá æfingar 12 ára og yngri í Breiðholti.

Í Laugardal var boðið uppá æfingar fyrir alla aldurshópa. Yfir vetrartímann var æft í Laugardalshöll en í Laugardalnum um sumarið. Sú nýbreytni var gerð að bjóða iðkendum 10 ára og yngri uppá sumaræfingar í Laugardal en því miður voru fá börn sem nýttu það.

Eins og áður hafa nokkrir íþróttamenn annarra félaga æft með deildinni og þá einkum að vetrarlagi.

Skokkhópurinn hélt úti æfingum frá ÍR heimilinu í Skógarseli.

Í fimleikum var boðið upp á æfingar fyrir grunnhópinn þrisvar í viku í Breiðholtsskóla. Framhaldshópurinn æfði einnig þrisvar í viku, þar af í eitt skipti í Fylkishöllinni. Parkouræfingar voru einu sinni í viku í Breiðholtsskóla. Þá var haldið haustnámskeið sem uppbót vegna Covid-lokana og sem kynningarnámskeið fyrir nýja iðkendur og sóttu um 40 börn það.

Þjálfarar

Óðinn Björn Þorsteinsson var áfram yfirþjálfari frjálsíþróttadeildar og Brynjar Gunnarsson var umsjónarþjálfari yngri flokka en vegna veikinda Brynjars tóku Óðinn og Helgi Björnsson við töluverðum hluta verkefna hans. Líkt og áður er áhersla lögð á að þjálfarahópurinn sé skipaður menntuðum íþróttafræðingum og reynslumiklu fólki en þeim til aðstoðar hafa verið yngri þjálfarar sem hafa flestir æft frjálsar íþróttir árum saman hjá deildinni.

Þjálfarar yngri flokka 2020

Árið 2020 voru eftirtaldir þjálfarar að störfum fyrir deildina í mismiklum mæli: Ásta Margrét Einarsdóttir, Brynjar Gunnarsson, Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir, Helgi

Björnsson, Marta María B. Siljudóttir, Óðinn Björn Þorsteinsson og Soffía Felixdóttir auk fjölda aðstoðarþjálfara.

Þjálfarar meistaraflokks 2020

Bergur Ingi Pétursson, Brynjar Gunnarsson, Einar Þór Einarsson, Einar Vilhjálmsson, Gunnar Páll Jóakimsson, Jón Oddsson, Mark W. Johnson, Marta Ernstdóttir, Pétur Guðmundsson, Þorvaldur Víðir Þórsson og Þórdís Gísladóttir.

Fimleikar

Fríða Rún Þórðardóttir hafði umsjón með fimleikunum líkt og undanfarin 4 ár sem deildin hefur verið rekin undir stjórn Frjálsíþróttadeildar. Þjálfarar deildarinnar voru Alfredo Guevara, Alberto Marcano, Elíana Sigurjónsdóttir, Robert Bentia, Svavar B. Þorsteinsson og Viktoría Helgadóttir.

1 þjálfari sótti námskeið fimleikasambandsins.

ÍR skokk

Valur Þór Kristjánsson sá um þjálfun skokkhópsins ásamt Söru Björk Lárusdóttur.

Árangur í keppni

Síðastliðið ár bar þess greinilega merki að heimsfaraldur geisaði stóran hluta ársins. Fjölmörg mót bæði hér heima og erlendis voru blásin af og sem dæmi má nefna þá voru einungis farnar tvær keppnisferðir erlendis á vegum FRÍ.

Meistaramót Íslands

ÍR sigraði örugglega á MÍ 15-22 innanhús ára sem fór fram í Kaplakrika. Alls hlaut liðið 448,5 stig og 74 verðlaunapeninga, þar af 26 gullverðlaun, 26 silfur og 22 brons.

ÍR-ingar lentu í öðru sæti á Meistaramóti Íslands í frjálsíþróttum innanhúss, en mótið var haldið í Kaplakrika. Alls hlutu konurnar 25 stig og urðu í öðru sæti. Í karlaflokki höfnuðu ÍR-ingar í öðru sæti, með 20,5 stig. Alls hlaut ÍR 23 verðlaun, 4 gull, 10 silfur og 9 brons.

Á Meistaramóti Íslands utanhúss fyrir 11 – 14 ára sem fram fór á Sauðárkróki lenti ÍR í sjötta sæti. Alls hlutu ÍR-ingar 8 verðlaun, 3 gull, 2 silfur og 3 brons.

ÍR sigraði með miklum yfirburðum í heildarstigakeppninni á Meistaramóti Íslands utanhúss 15-22 ára, sem haldið var á Selfossi. Þetta er 17. árið í röð sem ÍR ber sigur úr býtum. ÍR sigraði einnig í pilta- og stúlknaflokki 18-19 ára og 20-22 ára. Alls hlutu ÍR-ingar 85 verðlaun, 36 gull, 32 silfur og 17 brons.

ÍR-ingar voru hlutskarpastir á 94. Meistaramóti Íslands sem fram fór á Akureyri. Vegna Covid-smita var ákveðið skömmu fyrir mót að ekki yrði stigakeppni á milli liða. Alls hlaut ÍR 42 verðlaun, 13 gull, 16 silfur og 13 brons.

Bikarkeppnir FRÍ

ÍR varð í öðru sæti í Bikarkeppni FRÍ í frjálsum íþróttum innanhúss eftir harða keppni við FH Laugardalshöll. ÍR endaði með 102 stig en FH var sigurvegari með 107 stig.

Bikarkeppni FRÍ utanhúss var ekki haldin vegna lítillar þátttöku.

Í Bikarkeppni FRÍ 15 ára og yngri lenti ÍR í 5. sæti innanhúss en í 7. sæti utanhúss.

Heimsmeistaramót

Ísland átti fjóra þátttakendur á Heimsmeistaramótinu í hálfu maraþoni sem fram fór í Gdynia í Póllandi, þar af voru þrír frá ÍR. Bestum árangri náði Hlynur Andrésson sem lenti í 52. sæti á glæsilegu Íslandsmeti. Andrea Kolbeinsdóttir lenti í 82. sæti og setti stúlknamet í flokki 20 – 22 ára. Elín Edda Sigurðardóttir meiddist í hlaupinu en lauk því engu að síður í 101. sæti.

Evrópumót

Engin Evrópumót fóru fram á árinu.

Norðurlandamót

Norðurlandamót innanhúss fór fram í Helsinki í Finnlandi og átti ÍR þar tvo fulltrúa af 9. Hlynur Andrésson lenti í öðru sæti í 3.000 m hlaupi og Guðni Valur Guðnason lenti í þriðja sæti í kúluvarpi.

Íslandsmet á árinu

Guðni Valur Guðnason	Kringlukast	69,35 m
Hlynur Andrésson	1 míla innanhúss	4:03,61 mínútur
	3.000 m hlaup utanhúss	8:02,60 mínútur
	10.000 m hlaup utanhúss	28:55,47 mínútur
	Hálft maraþon	1:02:47 klukkustund

Auk þessa settu iðkendur ÍR fjögur aldursflokkamet á árinu 2020.

Landslið, úrvals- og stórmótahópur FRÍ

Landslið

Eins og fram kom hér að framan voru einungis tvö landsliðsverkefni árið 2020 og átti ÍR 4 landsliðsmenn og -konur af 12 sem tóku þátt í þessum verkefnum.

Úrvals- og stórmótahópur FRÍ

Í lok árs var birtur listi yfir þá 13 íþróttamenn sem náð hafa tilskyldum lágmörkum í Stórmótahóp FRÍ 15-22 ára árin 2020-2021. Frjálsíþróttadeild ÍR getur stært sig af því að af þessum 13 frábæru íþróttamönnum koma 5 frá ÍR.

ÍR skokk

Því miður gáfust ÍR skokkurum ekki mörg tækifæri til að sýna sig og sanna í keppnishlaupum þetta árið þar sem langflestum hlaupum var aflýst.

Fulltrúar í stórum hlaupum heima og erlendis

Öllum þeim keppnum sem ÍR skokkarar voru skráðir í erlendis var aflýst þetta árið en ÍR skokkarar höfðu áform um að hlaupa í m.a. Tokyo, Boston og Chigaco.

ÍR skokkarar gerðu sér glaðan dag á Menningarnótt og hlupu í litlum hópum frá ÍR heimilinu ýmist 10 km eða 21,1 km og einn hlaupari tókst á við heilt maraþon. Eftir hlaup var boðið upp á léttar veitingar og sólbað undir veggjum félagsheimilisins við Skógarsel. Sama dag hlupu þrír félagar heilt maraþon á hlaupabraut Aftureldingar í Mosfellsbæ og einn hlaupari fór þar hálft. Um kvöldið hittist hópurinn á Forréttarbarnum sem er orðinn hefð ÍR skokkara á Menningarnótt.

Í þeim hlaupum sem þó fóru fram áttu ÍR skokkarar 5 fulltrúa í Adidas Boost hlaupinu og tvo í Akureyrarhlaupinu þar sem Ásdís Wöhler varð önnur í sínum aldursflokki.

Utanvegahlaup

Það var gleðilegt að hægt var að hlaupa Laugaveginn í ár og þar áttum við sjö fulltrúa sem öll stóðu sig með prýði. ÍR skokk átti einnig fulltrúa í Þorvaldsdalsskokkinu, Mt. Esju Ultra, Bakgarðshlaupinu og Snæfellshlaupinu. Tvær konur skelltu sér í Volcano Trail Run í Þórsmörk og þar gerði Ragnheiður Sveinbjörnsdóttir sér lítið fyrir og varð önnur kvenna.

Powerade vetrarhlaupin

ÍR skokk hefur átt góðu gengi að fagna í Powerade vetrarhlaupunum síðastliðin ár, bæði í aldursflokkum karla og kvenna og í skokkhópakeppninni. Í hlauparöðinni veturinn 2019-2020 varð ÍR skokk í þriðja sæti skokkhópa. Í aldursflokkum karla og kvenna átti ÍR skokk nokkra fulltrúa og sigurvegara í parakeppninni. Að jafnaði tóku um 20 ÍR skokkarar þátt í hverju hlaupi.

Þjálfaramál

Valur Þór Kristjánsson sá um þjálfun hópsins ásamt Söru Björk Lárusdóttur.

Annað starf

Hópur ÍR skokkara fór saman í hlaupa- og hjólaferð með Midgard Base Camp í byrjun júní. Í fyrsta sinn í sögu ÍR skokk var ekki hægt að halda uppskeruhátíð og því voru ekki tilnefndir hlauparar ársins. Nokkur nýliðun varð í hópnum áður en fyrsta bylgja Covid skall á og voru nýliðanámskeið síðastliðins árs vel sótt. Eitthvað heltist þó úr lestinni þegar bann var lagt við hópæfingum. Óneitanlega litaðist allt félagsstarf okkar af sóttvarnaraðgerðum stjórnvalda og skemmtilegar hefðir eins og uppskeruhátíð, jólaljósahlaup og fleira fá að bíða betri tíma. Þjálfarar slógu ekki slöku við og sendu iðkendum æfingarplön sem ÍR skokkarar fylgdu á eigin vegum í gegnum Covid bylgjurnar. Skemmtilegast er þó alltaf að hlaupa saman enda alltaf fjör þar sem ÍR-ingar koma saman.

Viðurkenningar

Eftirfarandi íþróttamenn fá viðurkenningar á aðalfundi frjálsíþróttadeildar 11. maí 2021 fyrir árangur sinn á árinu 2020. Þessir glæsilegu fulltrúar okkar eru vel að þessum viðurkenningum komin og árangur þeirra er afrakstur mikilla æfinga og eljusemi við erfiðar aðstæður á síðasta ári undir leiðsögn frábærra þjálfara.

Frjálsíþróttakona ÍR	Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir
Frjálsíþróttakarl ÍR	Guðni Valur Guðnason
Besti kvensprett/grindahlaupari ÍR	Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir
Besti karlsprett/grindahlaupari ÍR	Ívar Kristinn Jasonarson
Besti kvenmilli/langhlaupari ÍR	Andrea Kolbeinsdóttir
Besti karlmilli/langhlaupari ÍR	Hlynur Andrésson
Besti kvenstökkvari ÍR	Hildigunnur Þórarinsdóttir
Besti karlstökkvari ÍR	Benjamín Jóhann Johnsen
Besti kvenkastari ÍR	Erna Sóley Gunnarsdóttir
Besti karlkastari ÍR	Guðni Valur Guðnason
Besti fjölþrautarmaður ÍR	Benjamín Jóhann Johnsen
Besta fjölþrautarkona ÍR	Ásta Margrét Einarsdóttir
Mestu framfarir	
Efnilegasti íþróttamaður ÍR 15 – 17 ára	Dóra Fríða Orradóttir
Efnilegasti íþróttamaður ÍR 11 – 14 ára	Freyja Stefánsdóttir og Þórdís Embla Sveinbjörnsdóttir

Aðrar viðurkenningar

Guðni Valur Guðnason var valin frjálsíþróttakarl ársins hjá Frjálsíþróttasambandi Íslands. Bergún Ósk Aðalsteinsdóttir var valin íþróttakona fatlaðra hjá Íþróttasambandi fatlaðra. Bergrún Ósk og Guðni Valur voru einnig tilnefnd og verðlaunuð fyrir góðan árangur þegar íþróttafólk Reykjavíkur var valið. Þá var Guðni Valur í 7. sæti við val á íþróttamanni ársins hjá Samtökum íþróttafréttamanna.

ÍR skokk

Í fyrsta sinn í sögu ÍR skokk var ekki hægt að halda uppskeruhátíð og því voru ekki tilnefndir hlauparar ársins.

Mót og viðburðir á vegum ÍR 2020

Þrátt fyrir heimsfaraldur tókst frjálsíþróttadeild ÍR að halda þrjú af stóru mótunum sínum ásamt Víðavangshlaupinu, að vísu með breyttu sniði í þremur tilfellum. Hins vegar var ekki hægt að halda Gamlárshlaup ÍR eða Vormót ÍR. Með útsjónarsemi og dugmiklum starfsmönnum tókst að halda þessa viðburði. Inga Dís Karlsdóttir ásamt samstarfsmönnum sínum sá um skipulagningu Víðavangshlaupsins. Helgi Björnsson

ásamt mótanefnd deildarinnar sá um skipulagningu mótanna okkar. Helstu mót og hlaup voru:

24. Stórmót ÍR 19. – 20. janúar, 606 keppendur.

105. Víðavangshlaup ÍR sem alla jafna er haldið á Sumardaginn fyrsta fór ekki fram fyrr en 17. september og lauk 161 þáttakandi hlaupinu en 200 skráðu sig.

Vegna samkomutakmarkana var ákveðið að halda ekki Vormót ÍR þetta árið.

11. Bronsleikar ÍR, 74 keppendur á aldrinum 10 - 11 ára.

25. Silfurleikar ÍR, 74 keppendur úr ÍR á aldrinum 8 – 12 ára.

Vegna samkomutakmarkana um jól og áramót var ekki hægt að halda Gamlárshlaup ÍR 31. desember.

Fjöldi þátttakenda á mótum og í hlaupum var miklu minni sem skýrist af samkomutakmörkunum að mestu leyti.

Auk ofangreindra móta voru fjölmörg innanfélagsmót, kastmót, stökkmót og bætingamót haldin. Þá sá deildin einnig um framkvæmd nokkurra móta á vegum Frjálsíþróttasambandsins.

Sjálfboðaliðar

Frjálsíþróttadeild ÍR hefur á að skipa glæsilegum hópi sjálfboðaliða sem svo sannarlega leggja gríðarlega mikið af mörkum fyrir félagið og gera það kleyft að halda jafn glæsilega viðburði og raun ber vitni. Þetta eru jafnt iðkendur, foreldrar og aðrir velunnarar deildarinnar sem margir hverjir hafa í fjölda ára og jafnvel áratuga komið að þessu starfi. Auk þessa höfum við fengið liðsinni nemenda í íþróttafræðum við HÍ sem fræðast þá um framkvæmd einstakra greina frjálsra íþrótta og eins höfum við notið aðstoðar annarra deilda félagsins. Við færum öllum þessum aðilum bestu þakkir fyrir ómetanlegt framlag þeirra.

Fjármál

Líkt og á árinu 2019 settu fjármál deildarinnar stóran svip á starf stjórnarinnar á árinu 2020 ekki síst fyrir tilstuðlan Covid-19. Í samvinnu við skriftstofu ÍR hefur verið sótt í öll þau úrræði sem hafa verið í boði fyrir íþróttahreyfinguna og eins var ákveðið innheimta æfingagjöld hjá öllum iðkendum deildarinnar.

Vegna þessara aðgerða og annarra ráðstafana tókst að reka deildina með 1.870 þús. kr. hagnaði á árinu 2020 eftir taprekstur tveggja síðastliðna ára sem er einkar ánægjulegt í því krefjandi umhverfi sem árið svo sannarlega var.

Heildartekjur deildarinnar drógust saman um 35% á milli ára og námu 49.647 þús. kr. á árinu 2020 samanborið við 76.527 þús. kr. á árinu 2019. Rekstrargjöld námu 47.793 þús. kr. á árinu 2020 samanborið við 79.812 þús. kr. á árinu 2019.

Eignir deildarinnar í árslok 2020 námu 10.560 þús. kr. Eigið fé deildarinnar í árslok 2020 nam um 7.295 þús. kr. og er eiginfjárhlutfallið 69,1%. Gera þurfti leiðréttingu til lækkunar á eigin fé deildarinnar um 5.681 þús. kr. vegna fyrri ára.

Framtíðarsýn

Síðastliðið haust var tekið í notkun nýtt knatthús á félagssvæði ÍR í Skógarseli þar sem einnig er aðstaða fyrir frjálsar íþróttir. Með þessu skapaðist betri aðstaða til

frjálsíþróttaiðkunar í Breiðholti og var tækifærið notað og bætt við æfingum fyrir 7. – 8. bekk sem mæltust vel fyrir. Það er von okkar að með nýjum frjálsíþróttavelli í Skógarseli, sem að öllum líkindum verður tekinn í notkun síðar í sumar, að við getum boðið iðkendum okkar uppá úrvalsaðstöðu um ókomin ár.

Það hefur sýndi sig síðasta sumar að mikil þörf er á nýjum frjálsíþróttavelli í Reykjavík enda aðgengi að Laugardalsvelli oft takmarkað vegna landsleikja í knattspyrnu, tónleika og viðhalds vallarins. Þá kom einnig í ljós nú í vor að frjálsíþróttafólk í Reykjavík getur heldur ekki stólað á aðgang að frjálsíþróttahöllinni í Laugardal vegna útleigu á húsinu undir hvers kyns viðburði. Hins vegar er fátt svo með öllu illt að ei boði gott því ÍTR og ÍBR hafa tekið til endurskoðunar samning vegna frjálsíþróttahallarinnar og styrkt ÍR til kaupa á lyftingabúnaði í nýja aðstöðu í Skógarseli.

Það er óhætt að segja að síðastliðið ár hefur reynt á alla sem að starfi deildarinnar koma en með samstöðu og dug hefur tekist að halda sjó og vonandi tekst okkur að nýta þessa reynslu okkur til framdráttar. Við eigum mikið af frábæru afreksfólki sem hefur staðið sig vel, sem og marga unga og efnilega iðkendur sem við þurfum að hlúa að með markvissum, fjölbreyttum og góðum æfingum. Við þurfum að skapa gott umhverfi fyrir okkar iðkendur þar sem þeim líður vel og þeir eru öruggir og njóta leiðsagnar vel menntaðra og góðra þjálfara.

Stórt skarð var höggvið í þjálfarahópinn okkar nú í vor þegar Brynjar Gunnarsson féll frá eftir áralanga baráttu við krabbamein. Það verður ekki auðvelt finna jafn áhugasaman og dugmikinn þjálfara en leit að arftaka hans er að hefjast. Það er von okkar sem í stjórninni erum að við getum haldið minningarmót um Brynjar í sumar þegar nýr frjálsíþróttavöllur verður tekinn í notkun.

Framundan er vonandi nokkuð eðlilegt starfsár þar sem við getum haldið áfram okkar öfluga starfi þar sem við getum einbeitt okkur að því að styrkja starfsemi okkar enn frekar.

F.h. stjórnar frjálsíþróttadeildar ÍR,

Rúnar G. Valdimarsson, formaður.

HANDKNATTLEIKSDEILD ÍR

Skýrsla stjórnar Handknattleiksdeildar ÍR fyrir keppnistímabilið 2020 – 2021.

Stjórnin

Undir lok síðasta tímabils var orðið fámennt í stjórn en þegar ég tók að formennsku byrjuðum við 5 í stjórn en fljótlega sögðu tveir sig úr stjórninni vegna anna og tveir hættu svo á liðinu tímabili og var stjórnin því orðin tveggja manna þegar þarna var komið. Þrátt fyrir það voru margir sem aðstoðuðu stjórnina á þessum tíma og glímdum við í sameiningu við mörg mjög erfið verkefni sem vinna þurfti að í lok síðasta tímabils. Þar ber hæst að nefna mjög erfið skuldastaða, uppsafnaðar skuldir og sú staðreynd að COVID skall á og margir styrktaraðilar drógu saman seglin og hættu að styrkja deildina þar sem einnig var erfitt í ári hjá þeim. Aðgangseyrir á Olís leikina sem áður hafði verið stöðug innkoma varð lítil sem engin eftir áramótin 2020 af sömu ástæðu. Engu að síður tókst okkur að gera upp skuldir við alla og semja um stöðuna. Það var þó alls ekki létt verk og tók lungað úr síðasta ári að klára þau mál.

Staða deildarinnar í dag er hinsvegar mjög viðunandi, hvað varðar fjárhagsstöðu erum við réttu megin við núllið. Það þurfti þó mikið til að ná þangað bæði fórnir og erfiðar ákvarðanir. U liðið í karlaboltanum var dregið úr keppni og lengi framan af var tvísýnt um kvennaboltann. Fjárhagsstaða félagsins var erfið og dró þjálfari meistaraflokks karla sig tilbaka, ásamt því að allt byrjunarlið karlaboltans leitaði á önnur mið. Það varð því strax ljóst fyrir þetta tímabil að róðurinn yrði erfiður hjá báðum.

Aðalfundur var haldin í júní 2020. Á þeim fundi var ekki slegist um sæti í stjórn frekar en fyrri daginn og á endanum var undirritaður einn í framboði en meistaraflokksráð kvenna og karla skipuðu sitt hvorn fulltrúan í stjórn, Viktor Guðmundsson frá meistaraflokksráði kvenna og Bjarna Hallgrímur Bjarnason frá meistaraflokksráði karla. Auk þeirra sat Arnar Freyr yfirþjálfari yngri flokkana þá fundi sem haldnir voru.

Sú breyting var gerð á liðnu tímabili að ákveðið var setja upp meistaraflokksráð fyrir sitt hvorn meistaraflokkinn (þ.e. kvk og kk) og hafa aðskilin fjárhag af stærstum hluta. Bæði ráðin voru mjög sjálfstæð í sínum störfum og ákvörðunum, bæði hvað varðar fjáraflanir og ráðningar. Fyrirkomulagið gekk vel og var stjórnin á öllum stundum vel upplýst og samþykk því sem fram fór. Það eru þó enn tækifæri til umbóta og einlæg von stjórnar að ráðin taki frekari skref í átt til meiri samvinnu en orðið er.

Covid19 hefur verið mjög fyrirferðarmikið á þessu tímabili eins og eins og allir vita. Ítrekuð stopp, bæði keppnis- og æfingabönn, meira hjá sumum aldurhópum en öðrum hafa einkennt tímabilið. Sóttvarnaraðgerðum hafa fylgt ýmsar reglur og takmarkanir. Meðal annars þurfti félagið að skipa sóttvarnarfulltrúa og vill stjórnin þakka Bjarna Hallgrími kærlega fyrir hans starf þar. Drífandi og fumlaus skipulagning einkenndi hans störf. Það hefur líka mætt mikið á heimaleikjaráði og flóknar útfærslur á sóttvarnahólfum hafa ekki hjálpað til við mönnun leikja. Það hefur þó tekist vel og á Kristín Aðalsteins og hennar teymi þar stórar þakkir skildar.

Meistaraflokkur kvenna

Meistaraflokkur kvenna endaði tímabilið 2019/2020 í 4. Sæti sem tryggði þeim þátttöku í umspili um sæti í efstu deild þegar mótið var slegið af. Eftir erfiða tíma í lok síðasta tímabils myndaðist stór og öflugur hópur sjálfboðaliða í kringum meistaraflokk kvenna. Ákvörðun um að leggja niður meistaraflokk kvenna var afturkölluð og blásið var til sóknar á ný. Finnbogi Grétar Sigurbjörnsson var ráðin þjálfari og honum til halds og trausts Stefán Harald Berg Petersen. Myndað var meistaraflokksráð og rekstrarráð flokksins. Skemmst er frá því að segja að hið unga og efnilega lið ÍR hefur enn á ný tryggt sér rétt til umspils í efstu deild. Hefur þeim Finnboga og Stefáni tekist að byggja upp efnilegt lið með blöndu af ungum og reyndari leikmönnum. Framtíðin kvenna megin í deildinni er svo sannarlega björt því 3 flokkur kvenna er feikilega efnilegur.

Þakklæti er ofarlega í huga meistaraflokksráðs gagnvart öllum sem hafa verið boðnir og búnir að hjálpa til hvort sem það er við fjáröflun eða til að gera umgjörð leika betri. Að öðrum ólöstuðum vil ég nefna Hrefnu og Steinunni Birnu í fjáröflun að ógleymdum Önnu Margréti og Matthíasi Imsland.

Meistaraflokkur karla

Meistaraflokkur karla endaði tímabilið 2019/2020 í 6. sæti og var með því búið að tryggja sig í úrslitakeppnina þegar mótið var blásið af. Það varð þó ljóst strax þarna að félagið yrði af miklum tekjum, bæði í formi aðgangseyris og styrkjum frá styrktaraðilum.

Fljótlega eftir lok keppninnar var einnig ljóst að liðið yrði fyrir miklum missi þegar byrjunarliðið í heild sinni leitaði á önnur mið. Vitað var að fjárhagurinn var ekki burðugur og félagið hafði verið mikið í fréttum vegna erfiðra mála og því vorum við ekki eftirsóttur klúbbur til að spila fyrir.

Á vormánuðum var samið við Kristinn Björgúlfsson um að færa sig frá því að vera þjálfari meistaraflokks kvenna og taka við meistaraflokki karla. Þarna var ljóst að félagið þyrfti að fara í uppbyggingarfasa og byrja að horfa inná við með efnivið, eitthvað sem hafði ekki tekist nægilega vel.

Það lá fyrir á þessum tímapunkti hjá þeim sem störfuðu í kringum félagið að þetta gæti og myndi líklega þýða fall úr efstu deild þar sem allflestir leikmenn voru að fá sína fyrstu „reynslu“. Þetta hefur nú raungerst og meistaraflokkur karla ÍR mun spila í Grilldeildinni á komandi leiktíð.

Það liggja þó mörg tækifæri í því að spila næst efstu deild á næsta misseri. Það má jafnvel líta á að það sem ákveðið gæfuspor í ljósi stöðunnar, þar sem það gefur okkur tækifæri til að halda áfram að byggja upp nýtt og sterkt ÍR lið á flottum uppöldum ÍR-ingum, gefa þeim reynslu og koma síðar tvíefldir til leiks eftir eitt ár í Grillinu.

Hitann og þungann af starfinu í kringum strákana hefur verið borið uppi af fáum einstaklingum i meistaraflokksráði karla og þakkar stjórnin þeim óeigingjarnt starf.

Yngri flokkar

Í upphafi yfirstandandi tímabils var tekin sú ákvörðun að ráða yfirþjálfara yngri flokka. Ákvörðun sem lengi hafði verið í undirbúningi og umræðu innan félagsins. Arnar Freyr Guðmundsson var ráðin síðast liðið sumar sem yfirþjálfari. Arnar hefur

ekki setið auðum höndum síðan, og hefur hann með óbilandi dugnaði og krafti sinnt bæði starfi yfirþjálfara og störfum sem öllu jöfnu ættu að vera á höndum Barna- og unglingaráðs. Undir stjórn Arnars hefur verið lögð aukin áhersla á markmannsþjálfun og eru nú flestir yngri flokkar með sérstakar markmannsæfingar.

Skráningar hafa einnig verið yfirþjálfaranum hugleiknar sem kannski endurspeglar þá staðreynd að aukning hefur orðið á iðkendum um 54 eða frá 186 á haustönn 2020 í 240 á vorönn 2021 með meistaraflokkunum. Þetta hefur tekist þrátt fyrir Covid 19 og allar þær takmarkanir sem því hafa fylgt.

Yfirþjálfari hefur verið í nánu samstarfi við aðrar boltadeildir til að reyna tryggja að iðkendur geti eftir fremsta megni æft fleiri en eina bolta íþrótt án árekstra. Það samstarf hefur gengið mjög vel. Íþróttastjóri ÍR hefur svo haft veg og vanda að yfirþjálfarar boltadeildana hittast reglulega og bera saman sínar bækur.

Eftirtaldir ÍR-ingar voru valdir til verkefna á vegum HSÍ: 23 krakkar☺
Ísar Tumi, Ingólfur Breki, Kristín Vala, Sylvía Jóns, Matthildur Jónsdóttir, Egill Skorri, Björgvin Hlynsson, Skúli Ásgeirsson, Theodór Sig, Anna María Aðalsteinsdóttir, Ísabella Schöbel Björnsdóttir, Hjálmtýr Daníel S. Björnsson, Nökkvi Blær Hafþórsson, Aþena Sif Daníelsdóttir, Díana Ásta Guðmundsdóttir, Sóley Björt Magnúsdóttir, Hrannar Ingi Jóhannsson, Viktor Sig, Bjarni Dagur Svansson, Baldur Fritz Bjarnason, Bernard Kristján, Jökull Blöndal og Alexander Ásgrímsson.

Barna og unglingaráð (BUR) skipa:

Ekkert Barna og unglingaráð var starfsrækt á yfirstandandi tímabili, en Arnar Freyr Guðmundsson sinnti flestum verkefnum sem annars ættu að heyra undir ráðið. Vissulega hefur tímabilið verið sérstakt og markað af ítrekuðum hléum vegna Covid 19, engu að síður verðum við sem félag að gera betur þarna. Grunnurinn af starfinu og félaginu er barna og unglingastarfið og ef það hverfur þá hverfur félagið.

Ýmsar hugmyndir hafa verið nefndar til að fá aukna þátttöku foreldra og vonandi mun eitthvað af þeim koma til framkvæmda á komandi tímabili.

Aðstaðan og hverfið

Nú styttist í að nýtt hús okkar ÍR-inga verður tekið í notkun, það breytir samt ekki þeirri staðreynd að við munum áfram þurfa tíma á parketi í einhverjum af þeim húsum sem við höfum yfir að ráða í dag. Æfingatímar sumra yngri flokka í dag eru ekki boðlegir, seint á kvöldin, og því verður að breyta með auknu framboði af tímum.

Annað áhyggjuefni hjá okkur er hversu fáir iðkendur eru úr efra Breiðholti, þrátt fyrir ýmis átaks verkefni hefur okkur ekki tekist nógu vel að ná til þeirra krakka. Þar getur Austurberg spilað stórt hlutverk.

JÚDÓDEILD ÍÞRÓTTAFÉLAGS REYKJAVÍKUR

ÁRSSKÝRSLA 2021

Fráfarandi stjórn :

Formaður Ásgeir Ásgeirsson (asgeirerlendur@internet.is)
Varaformaður Arnar Þór Sigurðsson (arnartlarsen@gmail.com)
Gjaldkeri Haukur Þór Haraldsson (haukur.haraldsson@reykjavik.is)
Ritari Magnús Sigurjónsson (magnussi@mmedia.is)
Meðstjórnandi Kjartan Magnússon (maekkigleyma@gmail.com)

Starfsemin/æfingar/útbreiðslustarf

Coronuveiru faraldurinn sem nú hefur geisað hafði mikil áhrif á starfsemi deildarinnar 2020. Iðkendum hafði fækkað frá árinu áður en þegar fréttir fóru að berast af úbreiðslu veirunnar var erfitt að halda úti æfingum. Vegna þess að veiran breiðist út m.a. með snertingu voru yngri iðkendurnir smeykir við að nálgast hver annan. Eldri iðkendur hættu líka að mæta eftir að veiran fór að breiðast út. Svo var sett á samkomubann 15. mars og stóð það í 7 vikur. Á þeim tíma voru allar æfingar óheimilar. Í maí voru smit orðin það fátíð að æfingar yngri iðkenda gátu hafist aftur. Æfingum var því haldið áfram allan maímánuð. Vegna starfs aðal þjálfara deildarinnar þurfti að finna nýjan þjálfara fyrir haustið. Það tókst að lokum og var Felix Woelflin ráðinn til að taka við þjálfun deildarinnar. Æfingar gátu loks hafist í byrjun október og byrjuðu þær vel. En þá hafði SARS-CoV-2 veiran breiðst verulega út. Coronuveiru smit kom upp á æfingu hjá deildinni og var stuttu síðar sett á æfingabann sem stóð fram í byrjun desember. Í desember máttu aðeins yngri iðkendur stunda íþróttir en leyfi fékkst til að vera með styrktaræfingar fyrir eldri hópinn þar sem farið var eftir öllum sóttvarnarreglum. Eldri iðkendur fengu ekki að stunda Judo æfingar fyrr en 15 janúar. Æfingar eldri iðkenda hafa byrjað vel á þessu ári og lítur vel út með framhaldið.

Til að bæta iðkendum upp tapaðar æfingar í samkomubanninu var ákveðið að bjóða öllum fríar æfingar í janúar 2021 og gaf það góða raun. Stjórnendur ÍR auglýstu það vel á samfélagsmiðlum í hverfinu og hefur það líklega fjölgað iðkendum verulega.

Lítið var um mót á árinu 2020 vegna veirunnar en þó voru einhver mót haldin. ÍR átti keppendur á einu móti á árinu 2020 og var það afmælismót JSÍ yngri sem haldið var 15 febrúar. Jakub Tumowski keppti þar í Dr. U18 í +90 kílógramma flokki og var hann í 2 sæti. Jon Tabaku keppti í Dr. U18 í -81 kg flokki og lenti þar í 3 sæti. Einnig var farið í æfingabúðir á Hellu 25.-27. september.

Deildin var í afleitri æfingaaðstöðu en það breyttist nú í haust þegar tækjasalur færðist í nýtt húsnæði. Við það fékk deildin helminginn af íþróttasalnum í kjallara ÍR hússins. Áður þurfti að raða judo dýnum fyrir æfingar og ganga frá þeim eftir æfingar. Einnig var óæskileg umferð í húsnæðinu sem hafði truflandi áhrif á æfingarnar. Dýnuburður seinustu ára hefur farið illa með dýnurnar. Einnig hefur óæskileg umferð verið á svæðinu sem hefur farið illa með dýnurnar enda eru þær farnar að láta á sjá. Það þarf að huga að endurnýjun á dýnunum og þarf ÍR að koma að því með einhverjum hætti enda hafa aðrir aðilar hjá félaginu haft not af þeim.

Deildin hafði fengið 50000 króna útbreiðslustyrk haustið 2019 frá Verkefnasjóði ÍBR. Fyrir þennan styrk gátum við dreift auglýsingum í Seljahverfið, Bakkahverfið og Engihjallan. Auglýsingin var á þremur tungumálum íslensku, ensku og pólsku. Megin inntak auglýsingarinnar var að öllum var boðið að prófa judo. Vegna faraldursins voru engir slíkir styrkir veittir á árinu 2020.

Það sem stóð áður deildinni mest fyrir þrifum var afleit æfingaaðstaða. Nú þegar húsnæðið hefur batnað þarf að bæta gólfið undir Judo dýnunum. Judodýnurnat eru settar beint á hart gólfið. Þegar iðkendum er kastað getur byltan verið nokkuð hörð. Það eru ekki margir sem eru tilbúnir að láta kasta sér á slíkt undirlag. Hjá Judofélagi Reykjavíkur og Judodeild Ármanns er byggð fjöðun undir dýnurnar þannig að gólfið fjaðrar þegar iðkenda er kastað í gólfið sem dregur mjög úr högginu. Dæmi er um iðkendur sem hafa hætt vegna þessa eða flutt sig í önnur félög.

Mótahald

Á hverju ári er farið fram á við stjórnendur deildarinnar að halda mót fyrir Judosamband Íslands. Vegna lélegrar aðstöðu og judo dýna sem eru farnar að slitna hefur deildin ekki verið í aðstöðu til þess. Verður það vonandi hægt þegar búið er að byggja nýtt íþróttahús.

Fjármál

Seinustu ár hefur verið farið vel með fjármuni deildarinnar enda átti deildin sjóð þegar COVID-19 faraldurinn byrjaði. Deildin hefur því verið vel í stakk búin til að standast þetta áfall enda hefur hún átt fyrir öllum útgjöldum og skuldbindingum.

Framtíðarsýn

Coronaveirufaraldurinn fór illa með allt íþróttastarf á árinu 2020. Faraldurinn hefur höggvið stórt skarð í tekjur flestra íþróttafélaga og líklega aukið brottfall iðkenda. Það verða því verulegar áskoranir að byggja upp íþróttastarf eftir þennan faraldur. Það er ekki sjálfsagt að hægt sé að halda úti judo æfingum við slíkar aðstæður en það tókst. Þegar búið verður að bólusetja megin þorra fólks gegn COVID-19 verður ástandið aftur eðlilegra.

Til að treysta grundvöll deildarinnar þarf að fjölga iðkendum. Einnig þarf að bæta æfinga aðstöðuna. Fyrirhuguð er bygging nýs íþróttahúss og fær deildin þar vonandi góða aðstöðu. Þangað til þyrfti að byggja fjaðrandi gólf undir judo dýnurnar.

Karatedeild ÍR

Ársskýrsla 2020 - 2021

Karatestarfið hjá ÍR var eins og í öðrum greinum litað af Covid-veirunni og þurfti nokkum sinnum að gera hlé að starfinu yfir veturinn.

Engin stjórn var starfandi í deildinni þetta tímabil en íþróttastjóri sá um utanumhald um rekstur deildarinnar.

Æfingar hjá karate í ÍR fara að mestu fram í íþróttahúsinu í Austurbergi auk nokkurra æfinga í ÍR-heimili í Skógarseli. Iðkendahópur karate er að miklu leyti samsettur af börnum sem búsett eru í hverfi 111 og því hefur stefnan verið að halda úti góðu starfi í Austurbergi, sem næst krökkunum. Aðstæður karatedeildar hafa tekið jákvæðum breytingum undanfarið en æfingar fara fram í Undirheimum, kjallarasvæði Austurbergs.

Þrátt fyrir stopult íþróttaár fóru fram mót á vegum Karatesambands Íslands þennan veturinn. ÍR-ingar áttu fulltrúa á öllum mótaröðum KAÍ sem fyrr og var gengið almennt nokkuð gott. Karatefólk ÍR árið 2020 voru þau Aron Anh Ky Huynh og Dunja Dagný Minic. Aron hefur átt góðu gengi að fagna undanfarin ár í karate og er margfaldur íslands, og bikarmeistari. Dunja Dagný er einnig mjög efnilegur iðkandi og góð fyrirmynd fyrir yngri karateiðkendur í ÍR.

Iðkendafjöldi í karate hefur verið stöðugur á seinustu árum og þennan veturinn tókst að halda iðkendum nokkuð óslitið að starfinu þegar hægt var að æfa.
Yfirþjálfari karate þennan veturinn var Vicente Carrasco og honum innan handar var Díana Katrín Þorsteinsdóttir. Breytingar urðu þó á þjálfarateyminu í apríl þegar Vicente steig til hliðar sem þjálfari. Í hans stað kom Aron Anh Ky Huynh og verður hann nú yfirþjálfari karate hjá ÍR næsta vetur.
Aron hefur tekið þá ákvörðun að einbeita sér að þjálfun í karate og setja íþróttaferil sinn til hliðar á meðan. Félagið hlakkar til að vinna frekar með Aroni á komandi misserum. Það er því ljóst að karateiðkendur og aðstandendur geta látið sig hlakka til næsta vetrara og að sjálfsögðu eru allir áhugasamir hvattir til að kíkja á karate hjá ÍR við tækifæri!

Ársskýrsla Keiludeildar ÍR

Ársskýrsla fyrir starfsárið 2020

Lögð fram á aðalfundi keiludeildar í ÍR heimilinu 6. maí 2021

Starf stjórnar

Starfandi stjórn keiludeildar ÍR tók við eftir síðbúinn aðalfund 29. júní 2020. Á fundinum var ákveðið að ársreikningurinn þarfnaðist nánar skoðunar og leiðréttingar. Samþykkt ársreiknings var því frestað og boðað til aukaaðalfundar 27. ágúst 2020 þar sem leiðréttur ársreikningur var lagður fram og samþykktur.

Stjórn keiludeildarinnar var þannig skipuð á starfsárinu: Sigríður Klemensdóttir var endurkjörin formaður á aðalfundi, Þórarinn Már Þorbjörnsson tók við sem varaformaður, Halldóra Íris Ingvarsdóttir hélt áfram störfum sem gjaldkeri, Geirdís Hanna Kristjánsdóttir var áfram ritari og Böðvar Már Böðvarsson, Daníel Ingi Gottskálksson og Jóhann Ágúst Jóhannsson voru meðstjórnendur.

Heimsfaraldur Covid-19 setti stórt strik í starfið á árinu 2020 eins og alla aðra starfsemi þjóðfélagsins. Einungis voru haldnir 8 formlegir stjórnarfundir á starfstímabilinu 2020 – 2021 og flestir þeirra á netinu. Það sama má segja um aðra fundi sem stjórnarmenn eru vanir að sækja svo sem fundi á vegum aðalstjórnar ÍR, Keilusambands Íslands og Íþróttabandalags Reykjavíkur. Ársþingi KLÍ var einnig frestað fram á árið og var loksins haldið laugardaginn 22. ágúst 2020.

Vegna samkomubanns var öllum æfingum og mótahaldi í keilu eins og í öðrum íþróttum frestað frá miðjum mars 2020. Mánuði síðar var deildarkeppni tímabilsins aflýst og flestum öðrum mótum frestað fram á haustið. Æfingar og keppni í keilu hófust að loknu sumarleyfi í lok ágúst og deildarkeppni um miðjan september. En þegar faraldurinn blossaði upp að nýju voru æfingar og keppni í íþróttum fullorðinna bannaðar frá 20. október 2020 og fram yfir áramót. Stjórn KLÍ tók í framhaldinu ákvörðun um að fækka umferðum á keppnistímabilinu, en halda úrslitakeppni í efstu deildum karla og kvenna og umspili um sæti liða í deildum. Æfingar og keppni voru síðan enn einu sinni felld niður frá 25. mars til og með 14. apríl þegar keppni hófst að nýju með fjöldatakmörkunum. Núna er keppnistímabilinu 2020-2021 þó loksins að ljúka með úrslitakeppni á Íslandsmóti liða og bikarkeppni liða.

Ýmis verkefni ÍR keilufélaga

Félagsmenn sem og stjórnarmenn koma einnig að ýmsum verkefnum sem fulltrúar keiludeildar ÍR. Jóhann Ágúst Jóhannsson er nú að ljúka fjórða ári sínu sem formaður Keilusambands Íslands, Hafþór Harðarson er varaformaður, Geirdís Hanna Kristjánsdóttir ritari og Hörður Ingi Jóhannsson er varamaður. Þórarinn Már Þorbjörnsson sem verið hefur framkvæmdastjóri KLÍ síðustu ár tók þann 1. mars s.l. við starfi íþróttastjóra KLÍ og er nú framkvæmda- og íþróttastjóri KLÍ. Geirdís Hanna Kristjánsdóttir er formaður mótanefndar KLÍ sem gífurlega mikið hefur mætt á þetta árið. Svavar Þór Einarsson er formaður upplýsinganefndar, Gunnar Þór Ásgeirsson er fulltrúi í aganefnd og Hafþór Harðarson er fulltrúi í tækninefnd. Regína Laufdal Aðalsteinsdóttir er formaður unglinganefndar KLÍ, Halldóra Íris Ingvarsdóttir er fulltrúi í landsliðsnefnd og Þórhallur Hálfdánarson er kerfisstjóri KLÍ.

Það kemur líka í hlutskipti stjórnar keiludeildarinnar og annarra félagsmanna að vinna við og hafa umsjón með ýmsum keilumótum á vegum KLÍ svo sem Íslandsmótum einstaklinga, para, tvímennings auk unglingamóta.

Í mótsstjórn RIG 2020 sátu Jóhann Ágúst Jóhannsson sem jafnframt var mótsstjóri, Þórarinn Már Þorbjörnsson, Sigríður Klemensdóttir, Halldóra Íris Ingvarsdóttir og Svavar Þór Einarsson. Jóhann Ágúst var fulltrúi í mótanefnd Reykjavíkurleikanna og fjölmiðlafulltrú og sá einnig um beint streymi á vefnum frá riðlakeppni og úrslitakeppni, en úrslitakeppni 4 efstu keppendanna var síðan sýnd beint á aðalrás RÚV. Hörður Ingi Jóhannsson sá þar um lýsingu ásamt Einari Erni íþróttafréttamanni RÚV. Að halda svona stórmót kostar gífurlega vinnu og færum við öllum þessum aðilum bestu þakkir fyrir.

Húsnæðismálin

Í febrúar 2019 var tekin skóflustunga að nýju og glæsilegu fjölnota íþróttahúsi ÍR við Skógarsel sem var formlega tekið í gagnið í september 2020. Ennþá bindum við vonir við að í tengibyggingu sem verið er að reisa á milli nýja íþróttahússins og ÍR heimilisins verði aðstaða fyrir keilusal.

Á síðustu árum hafa verið haldnir nokkrir fundir vegna húsnæðismála keilufélaganna og meðal annars send áskorun til ÍTR, Íþrótta- og tómstundaráðs Reykjavíkur. Jóhann Ágúst Jóhannsson hefur haft forystu um að leiða þessi mál bæði fyrir hönd KLÍ og deildarinnar en Ingigerður Guðmundsdóttir fyrir hönd ÍR. Þann 4. mars 2020 sendi Keilusamband Íslands ásamt keilufélögunum í Reykjavík bréf á Reykjavíkurborg til að þrýsta á borgina um betri aðstöðu fyrir keiluna. Keiludeildir ÍR, KR og Aspar sem og Keilufélag Reykjavíkur og Keilusamband Íslands óska í bréfinu eftir að koma upp aðstöðu í fyrirhugaðri uppbyggingu á ÍR-svæðinu og njótum við stuðnings aðalstjórn ÍR við þá hugmynd.

Styrkir til félagsmanna

Keiludeild ÍR styrkir félagsmenn sem keppa undir merkjum félagsins og vinna til verðlauna á Íslandsmótum einstaklinga, öldunga, para og tvímenningi.

Keiludeildin styrkir félagsmenn til þátttöku í viðurkenndum keilumótum erlendis, bæði á einstaklingsmótum svo og í keppnisferðum með unglinga-, kvenna- og karlalandsliðum.

Keiludeild ÍR styrkir félagsmenn til að afla sér þjálfaramenntunar bæði grunnnámskeið þjálfara á vegum ÍSÍ svo og sérhæfðra námskeiða í þjálfun keilara bæði innanlands og erlendis.

Keiludeildin styrkir sína félagsmenn til kaupa á árskortum sem Keiluhöllin selur keilurum.

Félagsmenn keiludeildar ÍR eiga rétt á að fá einn Jako félagsbol og deildarspilarar eiga einnig Jako liðsbol á kostnað deildarinnar á þriggja ára fresti. Keiludeildin styrkir einnig deildarspilara til kaupa á keppnisbuxum, sjá nánar Búningar keiludeildar og keiluliða ÍR.

Unglingar sem keppa í deildarliðum eru styrktir um sinn hlut í brautarleigu liðsins.

Gjaldkeri deildarinnar veitir nánari upplýsingar um styrkir og tekur við umsóknum. Netfang gjaldkera er keila.gjaldkeri@ir.is

Umsóknir um styrki og úthlutanir

Keiludeildin fékk styrk frá Afrekssjóði ÍBR vegna Bikarmeistaratitils karlaliðs ÍR-PLS árið 2020.

Veittur var styrkur úr Afrekssjóði ÍSÍ til afreksmanna deildarinnar vegna undirbúnings og þátttöku í erlendum mótum. Sótt var um styrki fyrir Hafþór Harðarson, Einar Már Björnsson og Gunnar Þór Ásgeirsson.

Keiludeildin hlaut styrki úr Verkefnasjóði ÍSÍ vegna kaupa á keiluteppum og styrk frá ÍSÍ fyrir fjárhagstaps vegna Covid-19.

Styrkveitingum úr Magnúsarsjóði aðalstjórnar ÍR var frestað árinu 2020.

Búningar keiludeildar og keiluliða ÍR

Keiludeildin leggur mikið upp úr að félagsmenn séu snyrtilega klæddir í keppni og fylgi reglum KLÍ um keppnisbúninga og klæðist keppnistreyjum sem merktir eru deildinni. Sjá 15. Grein Reglugerðar KLÍ um búninga: „Allir leikmenn liðs skulu vera í eins keppnistreyjum af sama lit og sömu gerð. Karlar skulu vera í síðbuxum af sama lit og sömu gerð, en konur mega vera í síðbuxum, pilsum eða stuttbuxnadressi af sama lit og sömu gerð. Brot á ákvæði þessu varðar sekt skv. gjaldskrá KLÍ. Í A-mótum, sem og öllum mótum sem sjónvarpað er frá, er óheimilt að leika í gallabuxum. Sé einhver þannig klæddur að ósæmilegt megi teljast, getur mótstjóri/dómari bannað honum að keppa, nema ráðin sé bót á því.“

Aðalstjórn ÍR er með samning við heildsöluna Namo um Jako búninga fyrir allar deildir félagsins. Félagsmenn keiludeildar ÍR eiga rétt á að fá einn Jako félagsbol og deildarspilarar að auki einn Jako liðsbol á þriggja ára fresti. Félagsmenn geta síðan keypt aukaboli hjá Jako eða hjá öðrum aðila og látið merkja liðinu og/eða setja nöfn keppenda á bolina á eigin kostnað. Sjá vöruúrval á https://jakosport.is/

Keiludeildin styrkir einnig deildarspilara um 5.000 kr á ári til kaupa á keppnisbuxum. Deildin er með afslátt á buxum hjá Zo-On og FootJoy golfbuxum hjá ÍSAM.

Halldóra Björk Þórarinsdóttir hefur nú umsjón með pöntunum á keilubolum hjá Jako. Netfangið er keilubolir@gmail.com

Keilarar ÍR 2020 og viðurkennningar til félaga í keiludeild ÍR

Hafþór Harðarson og Hafdís Eva Laufdal Pétursdóttir voru valin keilarar ársins 2020 hjá Keiludeild ÍR. Hafþór Harðarson var einnig valinn karlkeilari ársins hjá KLÍ

Hafþór Harðarson vann keilumót Reykjavíkurleikanna 2020 sem er stærsta keilumót sem haldið er árlega og hefur undanfarin ár verið sótt af fjölda erlendra keppenda í fremstu röð. Hafþór varð einnig deildarmeistari og Bikarmeistari liða með liði sínu ÍR-PLS og var valinn Keilari ársins 2020 hjá Keilusambandi Íslands. Hafþór er margfaldur meistari bæði í einstaklings og liðakeppni og hefur átt fast sæti í karlalandsliðinu um langt árabil.

Hafdís Eva Laufdal Pétursdóttir varð Íslandsmeistari einstaklinga með forgjöf 2020. Hafdís Eva er aðeins 15 ára að aldri en margaldur meistari í unglingaflokkum og hefur átt fast sæti í unglingalandsliðinu síðustu árin. Hafdís Eva vann sér sæti í 1. deild kvenna í fyrsta sinn með liði sínu ÍR-Píurnar sem er skipað ungum og efnilegum afreksunglingum og þær komust alla leið í undanúrslit Bikarkeppni liða.

Stefán Claessen fékk afhent silfurmerki ÍR á verðlaunahátíð ÍR í desember 2020.

Stefán Claessen hefur verið starfandi við þjálfun fyrir deildina meir og minna síðan 2005. Fyrst sem aðstoðarþjálfari en sem yfirþjálfari deildarinnar frá árinu 2013. Er hann einn fárra keiluþjálfara á Íslandi sem er með hæstu þjálfaramenntun keilunnar á Íslandi eða ETBF Level III auk annarra menntunar í keiluheiminum. Stefán er einnig margfaldur Íslands- og bikarmeistari með liði sínu ÍR KLS sem er eitt sigursælasta lið landsins og hefur hann einnig unnið til fjölmargra einstaklingsverðlauna á sínum ferli. Stefán hefur spilað allan sinn feril undir merkjum ÍR en hann kom upp í gegn um unglingastarf félagsins. Stefán hefur auk þess gegnt trúnaðarstörfum fyrir hönd deildarinnar á vettvangi keilunnar svo sem í stjórn og nefndum Keilusambands Íslands.

Helsti árangur ÍR keilara á árinu 2020

Dags	Nafn	Flokkur	Mót	Sæti
4.2.2020	Hafþór Harðarson	Meistaraflokkur	RIG 2020	RIG meistari
25.2.2020	Hafdís Eva L. Pétursd.	Meistaraflokkur	Íslandsmót einstaklinga forgj.	Íslandsmeistari
25.2.2020	Valgerður Rún Benediktsd.	Meistaraflokkur	Íslandsmót einstaklinga forgj.	2. sæti
25.2.2020	Laufey Sigurðardóttir	Meistaraflokkur	Íslandsmót einstaklinga forgj.	3. sæti
25.2.2020	Hinrik Óli Gunnarsson	Meistaraflokkur	Íslandsmót einstaklinga forgj.	3. Sæti
20	Linda Hrönn Magnúsd.	Meistaraflokkur	Íslandsmót öldunga	Íslandsmeistari
15.3.2020	Alexandra Kristjánsdóttir	Opinn flokkur	Íslandsmót unglinga	Íslandsmeistari
15.3.2020	Hafdís Eva L. Pétursdóttir	Opinn flokkur	Íslandsmót unglinga	3. sæti
15.3.2020	Hinrik Óli Gunnarsson	Opinn flokkur	Íslandsmót unglinga	Íslandsmeistari
15.3.2020	Aron Hafþórsson	Opinn flokkur	Íslandsmót unglinga	2. sæti
15.3.2020	Adam Geir Baldursson	1. flokkur	Íslandsmót unglinga	Íslandsmeistari
15.3.2020	Hlynur Freyr Pétursson	1. flokkur	Íslandsmót unglinga	2. sæti
15.3.2020	Hafdís Eva L. Pétursdóttir	2. flokkur	Íslandsmót unglinga	2. sæti
15.3.2020	Alexandra Kristjánsdóttir	2. flokkur	Íslandsmót unglinga	3. sæti
15.3.2020	Hinrik Óli Gunnarsson	2. flokkur	Íslandsmót unglinga	2. sæti
15.3.2020	Aron Hafþórsson	2. flokkur	Íslandsmót unglinga	3. sæti
15.3.2020	Hlynur Freyr Pétursson	2. flokkur	Íslandsmót unglinga	2. sæti

Keppni á Íslandsmóti liða 2019-2020 var frestað þann 16. mars 2020 vegna samkomubanns og deildarkeppni og úrslitakeppni var síðan aflýst þann 15. apríl 2020 vegna heimsfaraldurs Covid-19. Staða efstu liða og einstaklinga var sem hér segir þegar mótið var fellt niður:

Dags	Nafn	Flokkur	Mót	Sæti
15.4.2020	ÍR-TT	Meistaraflokkur	Íslandsmót liða 1.d.kvk	2. sæti
15.4.2020	ÍR-PLS	Meistaraflokkur	Íslandsmót liða 1.d.ka	1. sæti
15.4.2020	ÍR-Píurnar	Meistaraflokkur	Íslandsmót liða 2.d.kvk	1. sæti
15.4.2020	ÍR-N	Meistaraflokkur	Íslandsmót liða 2.d.kvk	3. sæti
15.4.2020	ÍR-A	Meistaraflokkur	Íslandsmót liða 2.d.ka	2. sæti
15.4.2020	ÍR-NAS	Meistaraflokkur	Íslandsmót liða 3.d.ka	1. sæti
15.4.2020	ÍR-Land	Meistaraflokkur	Íslandsmót liða 3.d.ka	3. sæti
15.4.2020	Guðrún Soffía Guðmundsd	Hæsta meðaltal	Íslandsmót liða 1.d.kvk	179,6
15.4.2020	Guðrún Soffía Guðmundsd	Felludrottning	Íslandsmót liða 1.d.kvk	4,19
15.4.2020	Linda Hrönn Magnúsd.	Hæsti leikur	Íslandsmót liða 1.d.kvk	255
15.4.2020	Nanna Hólm Davíðsd.	Hæsta sería	Íslandsmót liða 1.d.kvk	675
15.4.2020	ÍR-Buff	Stjörnuskjöldur	Íslandsmót liða 1.d.kvk	209
15.4.2020	Einar Már Björnsson	Stigameistari	Íslandsmót liða 1.d.ka	0,83
15.4.2020	Gunnar Þór Ásgeirsson	Hæsta meðaltal	Íslandsmót liða 1.d.ka	220,36
15.4.2020	Hafþór Harðarson	Hæsti leikur	Íslandsmót liða 1.d.ka	300
15.4.2020	Gunnar Þór Ásgeirsson	Hæsta sería	Íslandsmót liða 1.d.ka	791
15.4.2020	Gunnar Þór Ásgeirsson	Fellukóngur	Íslandsmót liða 1.d.ka	6,97
15.4.2020	ÍR-PLS	Stjörnuskjöldur	Íslandsmót liða 1.d.ka	300
15.4.2020	Hafdís Eva L Pétursd.	Stigameistari	Íslandsmót liða 2.d.kvk	0,78
15.4.2020	Guðbjörg Harpa Sigurðard	Hæsta meðaltal	Íslandsmót liða 2.d.kvk	163
15.4.2020	Guðbjörg Harpa Sigurðard	Hæsti leikur	Íslandsmót liða 2.d.kvk	237
15.4.2020	Guðbjörg Harpa Sigurðard	Hæsta sería	Íslandsmót liða 2.d.kvk	791
15.4.2020	ÍR-Píurnar	Stjörnuskjöldur	Íslandsmót liða 2.d.kvk	123
15.4.2020	Adam Pawel Blaszczak	Fellukóngur	Íslandsmót liða 2.d.ka	5
15.4.2020	ÍR-NAS	Stjörnuskjöldur	Íslandsmót liða 3.d.ka	98

Meistarakeppni ungmenna 2019 – 2020 - 5. umferð keppninnar var aflýst og mótinu lauk eins og staðan var eftir 4. umferð:

Dags	Nafn	Flokkur	Mót	Sæti
	Steindór Máni Björnsson	1. flokkur pilta	Meistarakeppni ungm.	2. sæti
	Alexandra Kristjánsdóttir	2. flokkur stúlkna	Meistarakeppni ungm.	1. sæti
	Sara Bryndís Sverrisdóttir	2. flokkur stúlkna	Meistarakeppni ungm.	2. sæti
	Hinrik Óli Gunnarsson	2. flokkur pilta	Meistarakeppni ungm.	1. sæti
	Hlynur Freyr Pétursson	2. flokkur pilta	Meistarakeppni ungm.	2. sæti
	Guðbjörn Joshua Guðjónsson	2. flokkur pilta	Meistarakeppni ungm.	3. sæti
	Hafdís Eva Pétursdóttir	3. flokkur stúlkna	Meistarakeppni ungm.	1. sæti
	Tristan Máni Nínuson	3. flokkur pilta	Meistarakeppni ungm.	2. sæti
	Viktor Snær Guðmundsson	4. flokkur pilta	Meistarakeppni ungm.	2. Sæti
31.8.2020	ÍR-1	Unglingaflokkur	Íslandsmót unglingaliða	2. sæti
31.8.2020	ÍR-2	Unglingaflokkur	Íslandsmót unglingaliða	3. sæti
9.9.2020	Gunnar Þór Ásgeirsson	Meistaraflokkur	Opna Rvk mótið	Rvk. meistari
9.9.2020	Einar Már Björnsson	Meistaraflokkur	Opna Rvk mótið	2. sæti
9.9.2020	Linda Hrönn Magnúsdóttir	Meistaraflokkur	Opna Rvk mótið	2. sæti
8.9.2020	Karitas Róbertsdóttir	Meistaraflokkur	Opna Rvk mót m/forgj.	Rvk. meistari
8.9.2020	Guðrún Bára Ágústsdóttir	Meistaraflokkur	Opna Rvk mót m/forgj.	2. sæti
4.10.2020	ÍR-PLS	Meistaraflokkur	Bikarkeppni KLÍ karlalið	Bikarmeistarar
4.10.2020	ÍR-SK	Meistaraflokkur	Bikarkeppni KLÍ kvennalið	2. Sæti

Meistarakeppni liða 2020 var aflýst vegna Covid-19.

Eins og gefur að skilja voru titlar og met félagsmanna mun færri en vaninn er vegna áhrifa Covid-19. Samtals unnu félagsmenn til 14 Íslandsmeistaratitla, 3 Meistaratitla, 1 Deildarmeistaratitil og 2 Reykjavíkurmeistaratitla á árinu. Hafþór Harðarson bætti enn einum 300 leik í safnið í deildinni á síðasta keppnistímabili og Andrés Páll Júlíusson spilaði 300 leik á RIG mótinu 2020.

Mótahald ÍR á árinu 2020

Eins og áður er getið höfðu heimsfaraldur Covid-19 og samkomubann mikil áhrif á mótahald ársins bæði á vegum keiludeildarinnar og Keilusambands Íslands á árinu og hefur ennþá mikil áhrif. Aukinn kostnaður við brautarleigu hefur á síðustu árum einnig valdið miklum erfiðleikum auk þess sem sífellt reynist erfiðara að fá styrktaraðila og sjálfboðaliða til starfa við mótahald.

AMF og **RIG** mótin hafa verið lang fyrirferðarmest í mótahaldi keiludeildarinnar á hverju ári.

Haustið 2019 var samstarfssamningur keiludeildarinnar við Keiluhöllina Egilshöll vegna AMF mótaraðarinnar framlengdur um ár. Keiluhöllin mun því halda áfram að styrkja keppendur í efsta sæti karla og kvenna á mótaröðinni um kostnað við flug, gistingu og

mótsgjald vegna þátttöku á árlegu QubicaAMF World Cup heimsbikarmóti einstaklinga ásamt ferðakostnaði þjálfara sem fer með keppendum.

Á árinu 2020 var gengið frá því að umsjón RIG móta færist til Keilusambands Íslands er það meðal annars gert vegna beiðni ÍBR mótshaldara Reykjavíkurleikanna sem óskuðu eftir því að mótahaldið væri á hendi sérsambands eins og er hjá öðrum íþróttagreinum leikanna. En einnig er þetta hugsað til að reyna að fá keilara úr fleiri aðildarfélögum í vinnu við mótið.

Keilumót Reykjavíkurleikanna RIG 2020 fór fram í Keiluhöllinni í Egilshöll dagana 26. janúar til 3. febrúar 2020 og sá Keiludeild ÍR um framkvæmd mótsins 12. árið í röð.

Hafþór Harðarson úr ÍR var RIG meistari 2020 og vann mótið í fyrsta sinn. Hafþór sigraði Danielle McEwan frá Bandaríkjunum í úrslitunum, í þriðja sæti var Daria Jajak frá Póllandi og fjórða var Rikke Agerbo frá Danmörku. Margar viðureignir úrslitakeppninnar fóru í þrjá leiki og tveir leikir enduðu í bráðabana og í sjálfum úrslitaleiknum réðust úrslitin í síðasta ramma.

Í fyrsta leiknum spilaði Danielle best allra með 253, Hafþór var með 225 leik, Daria með 208, en Rikke féll úr keppninni með 192 leik með forgjöf. Í öðrum leiknum var Hafþór með hæsta leikinn 270, Danielle hélt uppteknum hætti og spilaði 266 og Daria helltist úr lestinni með 253 leik. Í síðasta leiknum skiptust Danielle og Hafþór á að taka forystuna og úrslitin réðust ekki fyrr en í 10. ramma. En að lokum fór það svo að Hafþór sem að vann með 259 leik á móti 253 leik Danielle með forgjöf.

Alls tóku um 100 keilarar þátt í mótinu og þar af 34 erlendir keppendur frá sex löndum. Meðal erlendu keppendanna voru þrír keppendur af Amerísku atvinnumótaröð kvenna PWBA sem allar hafa unnið fjölmörg verðlaun og titla á ferlinum. Þetta voru þær Danielle McEwan USA, Diana Zavjalova frá Lettlandi og Daria Pajak frá Póllandi og með þeim mætti Maria Rodriguez frá Kólumbíu. Jesper og Rikke Agerbo frá Danmörku, sem bæði hafa sigrað RIG mótið, komu með fjölda keppenda með sér og fastagesturinn Mattias Möller mætti einnig með fjölda manns. Við fengum fimm 300 leiki í mótinu að þessu sinni hjá Jóni Inga Ragnarssyni, Andrési Páli Júlíussyni, Mattias Möller, Justin Urbano og María Rodriguez og nokkrir voru mjög nálægt fullkomnum leik.

AMF mótaröðin

AMF mótaröðin samanstendur af tveimur AMF mótum auk RIG mótsins og hljóta keppendur í efsta sæti karla og kvenna á mótaröðinni þátttökurétt á árlegu QubicaAMF World Cup heimsbikarmóti einstaklinga. Fyrsta keppni mótaraðarinnar var í nóvember 2019 og RIG 2020 var haldið í janúar 2020, en síðasta mótið og úrslitakeppnin var felld niður vegna heimsfaraldursins. QubicaAMF World Cup heimsbikarmót einstaklinga 2020 var einnig fellt niður af sömu ástæðum. https://ir.is/amf-og-rig/

Pepsi Max mótin eru haldin flesta sunnudaga yfir keppnistímabilið og þar njótum við stuðnings frá Ölgerð Egils Skallagrímssonar sem gefur verðlaunin og hefur gert í áraraðir. Þökkum við þeim kærlega fyrir. Hluti keiludeildar í þátttökugjaldinu rennur til afreksstarfs deildarinnar og

skiptist afreksfólkið á að hafa umsjón með mótunum.
https://ir.is/keila/keilumot/pepsi-motin/

Páskamót ÍR 2020 var fellt niður vegna samkomubanns. https://ir.is/paskamot-ir/

Meistaramót ÍR 2020 var fellt niður vegna samkomubanns.
https://ir.is/meistaramot-ir/

Jólamót ÍR 2020 var fellt niður vegna samkomubanns. https://ir.is/jolamot-ir/

Útbreiðsla, kynning og miðlun

Heimasíða keiludeildarinnar er undir heimasíðu Íþróttafélags Reykjavíkur www.ir.is/keila Þar má finna helstu upplýsingar um starfsemi deildarinnar og fréttir. Keiludeildin er einnig með síðu á Facebook og lokaða hópa fyrir félagsmenn, stjórn, keiluþjálfara, mótsstjórn RIG, æfingahópa keilukrakkanna og og foreldrafélagið svo einhver dæmi séu tekin.

Vegna heimsfaraldursins féllu allar kynningar á keilu niður á árinu 2020. En á undanförnum árum hefur kynningarstarf meðal annars farið fram í Laugardalshöll á RIG, í ÍR heimilinu á Breiðholtsdögum og Íþróttadegi Seljaskóla. Einnig hefur verið boðið upp á kynningu í Keiluhöllinni á Grafarvogsdögum. Þórarinn Már Þorbjörnsson og þjálfarar deildarinnar hafa séð um kynningarstarfið. Á síðasta ári voru keypt tvö ný keiluteppi og verður gaman draga þau fram þegar öllum takmörkunum verður aflétt.

Barna- og unglingastarf og þjálfaramál

Barna- og ungmennastarfið er veigamikill þáttur af starfsemi keiludeildar ÍR. Ástandið í vetur hefur að sjálfsögðu haft mikil áhrif en þrátt fyrir það hafa krakkarnir staðið sig vel eins og sjá má á viðurkenningunum. Iðkendum hefur þó fækkað mikið á milli ára og okkur er þröngur stakkur sniðinn varðandi fjármagn frá ÍTR og æfingatíma í Keiluhöllinni.

Til að bæta upp æfingatapið vegna Covid-19 vorið 2020 hófust æfingar barna og unglinga óvenjusnemma síðastliðið haust eða strax 12. ágúst 2020. Iðkendum er skipt upp í þrjá æfingahópa, grunn- og framhaldshóp sem æfa tvisvar sinnum í viku og keppnishóp sem æfir fjórum sinnum í viku.

Iðkendur í grunnhópi æfa á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 17:00 til 18:00. Iðkendur í framhaldshópi æfa á mánudögum og miðvikudögum kl. 17:00 til 18:30 og iðkendur í keppnishópi æfa á mánudögum, miðvikudögum og fimmtudögum kl 17:00 – 18:30 og þriðjudögum kl. 16:30-18:30. Auk þess tekur deildin þátt í verkefninu ÍR ungar fyrir 1. til 2. bekk barna í Breiðholti og fer sú kennsla fram í ÍR heimilinu við Skógarsel á þriðjudögum og föstudögum frá kl 15:00 – 16:00. Sjá nánar í æfingatöflu á heimasíðunni
https://ir.is/keila/aefingar/

Þjálfarar deildarinnar síðastliðið starfsár voru Stefán Claessen yfirþjálfari, Geirdís Hanna Kristjánsdóttir, Guðmundur Jóhann Kristófersson, Jóhann Ágúst Jóhannsson og Þórarinn Már Þorbjörnsson. https://ir.is/keila/thjalfarar/

Foreldrafélag keiludeildar ÍR var stofnað í byrjun árs 2019 en tilgangur þess er meðal annars að efla félagslíf iðkenda, halda utan um fjáraflanir og efla félagsandann hjá deildinni. Í stjórn félagsins eru Regína Laufdal Aðalsteinsdóttir, Guðbjörg Valdimarsdóttir, Halldóra Björk Þórarinsdóttir, Ásdís Richardsdóttir og Heiðrún Sigurðardóttir.

Síðustu árin hafa börn og unglingar deildarinnar farið til Dublin tekið þátt í keppni á Junior Irish Open en vegna heimsfaraldurs Covid-19 var mótið fellt niður á árinu 2020.

Þjálfun ÍR keilara

Undanfarin ár hefur keiludeildin boðið deildarspilurum upp á þjálfun um helgar þegar það eru lausar brautir. Adam Pawel Blaszczak við þjálfuninni haustið 2019. Keiludeildin greiðir þjálfara, en keilarar sem mæta á æfingar þurfa annað hvort að vera með árskort eða leigja brautir fyrir æfingar. Erfiðlega hefur gengið að halda þessum æfingum vegna æfinga- og keppnisbanns og samgöngutakmarkana. En nú er komið að því að boðið verður upp á þessar æfingar næstu helgar og vonandi verður framhald á þessu á næsta tímabili. Hvetjum við ÍR keila til að vera duglegri að sækja þessar æfingar.

Deildin 2020 - 2021

Alls kepptu 127 deildarspilarar undir merkjum keiludeildar ÍR á árinu 2020.



Á keppnistímabilinu 2020 til 2021 voru 22 ÍR lið skráð til keppni á Íslandsmóti liða. Keiludeild ÍR sendi þar á meðal 5 af 8 liðum til keppni í 1. deild kvenna, ÍR-Buff, ÍR-Eldingu, ÍR-Píurnar, ÍR-SK og ÍR-TT. Einnig voru 3 af 6 liðum í 2. deild kvenna frá ÍR, ÍR-BK, ÍR-KK og ÍR-N. En lið ÍR-BK-2 var lagt niður fyrir keppnistímabilið.

Í karladeildunum voru 5 af 10 liðum í 1. deild karla frá ÍR: ÍR-A, ÍR-KLS, ÍR-L, ÍR-PLS, og ÍR-S.Keiludeild ÍR á 5 af 10 liðum í 2. deild karla, ÍR-Blikk, ÍR-Broskarlar, ÍR-Fagmaður, ÍR-Naddóður og ÍR-NAS. Og að lokum 4 af 8 karlaliðum í 3. deild karla, ÍR-Gaurar, ÍR-Keila.is, ÍR-Land og ÍR-T.

Upplýsingar um liðin er að finna á heimasíðunni http://ir.is/keila/keilulid-ir/

Birgir Kristinsson tók myndir af öllum deildarliðum keiludeildar ÍR veturinn 2020 og má finna þær á síðum liðanna á heimasíðunni og í myndasafni Facebook síðu. Kunnum við Birgi bestu þakkir fyrir frábærar myndir.

Landsliðsverkefni og þátttaka í erlendum mótum 2020

Heimsfaraldur Covid-19 setti að sjálfsögðu mark sitt á landsliðsverkefni ársins eins og annað. Allflestu stórmótum á vegum Evrópu- og heimssambands í keilu var aflýst og flestum

öðrum stórmótum ársins. Sjá nánar á heimasíðu Evrópska keilusambandsins http://etbf.eu/champ-calendar/

Þrír keppendur frá ÍR kepptu á Evrópumót öldunga 50 ára og eldri sem fram fór í Vín í Austurríki í janúar 2020. Guðný Gunnarsdóttir, Linda Hrönn Magnúsdóttir og Kristján Arne Þórðarson.

Fjórir ÍR ingar kepptu á Irish Open í Dublin á Írlandi í janúar 2020, en mótið var hluti af Evróputúrnum. Þetta voru þeir Hafþór Harðarson, Bjarni Páll Jakobsson, Einar Már Björnsson og Svavar Þór Einarsson.

Ungmennalandsliðið keppti á boðsmóti í Doha í Qatar í febrúar 2020. Fimm af átta keppendum hópsins komu úr ÍR, þau Alexandra Kristjánsdóttir, Elva Rós Hannesdóttir, Sara Bryndís Sverrisdóttir, Hinrik Óli Gunnarsson og Steindór Máni Björnsson.

Stjórn ETBF tók þá ákörðun í samráði við mótshaldara bæði Evrópumóts ungmenna og Evrópumóts landsmeistara að aflýsa þessum mótum á árinu 2020. Einnig var ákveðið að færa til mótahaldið á þessu ári þannig að Hollendingar halda Evrópumót ungmenna EYC í september 2021 og Grikkir halda Evrópumót landsmeistara ECC í október 2021. Vonandi næst að halda þessi mót á áætluðum tíma.

Stefnt er að halda næsta Evrópumót karla í Helsinki í Finnlandi í janúar 2022 og Evrópumót öldunga í Álaborg í Danmörku í febrúar 2022. Næsta Evrópumóti kvenna hefur hins vegar verið frestað um óákveðinn tíma.

Sjá nánar á vef ETBF http://etbf.eu/champ-calendar/

Að lokum

Nú er ég að ljúka mínu öðru ári sem formaður keiludeildar ÍR og ætla að segja þetta gott í bili. Árið hefur verið mjög óvenjulegt svo ekki sé meira sagt vegna heimsfaraldurs Covid-19 sem setti allan heiminn á hliðina síðasta árið og ekki sér fyrir endann á. Við lifum svo sannarlega á fordæmalausum tímum og vonandi eigum við aldrei eftir að sjá slíkt ástand aftur.

Fyrir hönd stjórnar keiludeildarinnar vil ég þakka öllum þeim sem fórnuðu tíma sínum til starfa fyrir deildina og keiluna á síðasta ári, en án sjálfboðaliða er ekki hægt að halda úti slíkri starfsemi. Við skorum á félaga í deildinni að gefa kost á sér í verkefni bæði fyrir deildina og sambandið og taka þannig þátt í að efla keiluna á Íslandi.

Að lokum við ég þakka félagsmönnum og öðrum stjórnarmönnum fyrir samstarfið og óska þeim velfarnaðar í framtíðinni.

Fh. Stjórnar keiludeildar ÍR
Sigríður Klemensdóttir

Knattspyrnudeild ÍR

Ársskýrsla stjórnar 2020 - 2021.

Núverandi stjórn knattspyrnudeildar var kosin á aðalfundi deildarinnar 1.júní 2020. Á þeim fundi var Magnús Þór Jónsson endurkjörinn formaður deildarinnar og í stjórn voru kosin auk hans Matthías P. Einarsson sem var kjörinn gjaldkeri, Atli Guðjónsson, Auður Sólrún Ólafsdóttir og Margrét Jónsdóttir. Þessi hópur hefur borið hitann og þungann af starfi félagsins frá þeim tíma en þau hafa þó fengið dygga aðstoð þegar kemur að ákveðnum verkefnum.

Barna- og unglingaráð hefur verið afar virkt og náð góðum árangri. Formaður þess er Guðmundur Axel Hansen, með honum eru í stjórn Arnar Smári Brynjarsson, Linda Hrönn Gylfadóttir, Runólfur Þór Ágústsson, Sandra Ómarsdóttir, Hulda Brynjarsdóttir og Rúnar Guðnason.

Knattspyrnudeild ÍR hefur á undanförnum árum verið að ná sínum fyrri styrk. Sumarið 2020 leit út fyrir að setja met í fjölda yngri flokka leikja í sögu félagsins enda höfðum við þarna náð þeim árangri að vera með þátttökuflokka í öllum flokkum karla í fyrsta sinn í langan tíma og kvennaflokkar félagsins frá fimmta flokki sögulega stórir. Eins og síðar verður rætt urðu utanaðkomandi aðstæður til þess að ekki varð úr því árið 2020 en stefnir í annað slíkt met árið 2021.

Starfsemi eftir aldursflokkum

Í 8.flokki barna æfa strákar og stelpur undir stjórn Jóhanns Inga Jóhannssonar. Flokkurinn er frábært upphaf knattspyrnuiðkunar hjá félaginu og hefur vaxið og dafnað undanfarin ár!

í 7. flokki karla æfa iðkendur undir stjórn Sigfúsar Ómars Höskuldssonar og Valdimars Khadir Árnasonar. Í 7. flokki er stóra mótið Norðurálsmótið á Akranesi, auk þess sem við ÍR-ingar höfum staðið fyrir Hlynsmótinu í þessum aldursflokki. Vegna Covid19-faraldursins mun mótið fara fram haustið 2021 að þessu sinni. Að auki fer flokkurinn á mörg minni mót.

í 6. flokki karla stýra Egill Sigfússon og Ásgeir Einarsson skútunni. Í 6. flokki er stóra mótið Orkumótið í Vestmannaeyjum, auk þess sem við ÍR-ingar stöndum fyrir Dominosmótinu og að auki fer flokkurinn á mörg minni mót.

í 5. flokki karla leiða Sigfús Ómar Höskuldsson, Dragi Pavlov og Valdimar Khadir Árnason stóran hóp iðkenda. Í 5. flokki er leikið í A-riðli Íslandsmóts, Reykjavíkurmóti auk þess sem farið er á N1-mótið á Akureyri.

í 4.flokki karla æfir afar öflugur hópur undir stjórn Sigmanns Þórðarsonar, Arnars Steins Einarssonar, Ómars Sigurðssonar og Dragi Pavlov. Í 4. flokki er leikið í A riðli Íslandsmóts og Reykjavíkurmótum.

Þeir Jordian Farahani og Gunnar Olgeir Harðarson hafa leitt starfið í 3. flokki karla. Stærstu verkefni 3. flokks eru í C-riðli Íslandsmóts, Bikarkeppni og Reykjavíkurmóti.

2. flokkur karla vann sér sæti í B-riðli Íslandsmóts síðastliðið sumar og verða leiddir í því verkefni nú í sumar af þeim Sigmanni Þórðarsyni og Trausta Birni Ríkharðssyni. Auk þess móts hafa stærstu verkefni flokksins verið í Bikarkeppni og Reykjavíkurmóti.

Stúlknamegin hefur verið gengið vel í því átaki að fjölga yngstu iðkendum og er nú kominn mjög traustur grunnur í starf yngri iðkenda í þeim hópi, sem horft er til að byggt verði á til framtíðar. Sumarið 2021 verður félagið aftur með 11 manna lið í yngri flokka Íslandsmóti þegar stúlkurnar í 4. flokki kvenna stíga inn á sviðið. Síðast átti ÍR þátt í liði sumarið 2018 sem náði þeim áfanga en árið 2017 var það síðasta þar sem félagið eitt og sér átti lið í 4. flokki. Stúlkurnar eru allar á yngra ári flokksins og munu leiða yngri liðin áfram upp KSÍ stigann, enda hópurinn fjölmennur og stelpurnar æft knattspyrnu lengi.

Til að bregðast við aukinni aðsókn stelpna og til að styrkja umgjörðina enn frekar var leitað í grunn reynslumikilla kvenna til að koma að þjálfun stelpnaflokkanna og er það liður í yfirlýstri jafnréttisstefnu ÍR að fá öfluga kvenþjálfara til liðs við okkur.

Helga Dagný Brynjarsdóttir sneri aftur í þjálfun hjá félaginu eftir nokkurra ára frá og tók við 7. flokki kvenna. Helgu þarf ekki að kynna fyrir ÍR-ingum. Hún er einn leikjahæsti leikmaður félagsins og þjálfaði um nokkurra ára skeið. Í 7. flokki er stóra mótið Greifamótið á Akureyri og Símamótið í Kópavogi, að auki fer flokkurinn á mörg minni mót.

Kvennastarfið hefur undanfarin ár verið leitt af þeim Agli Sigfússyni og Ásgeir Eiríkssyni. Þeir kollegar hafa náð afar góðum árangri og iðkendafjöldi aukist jafnt og þétt. Í september 2020 bættist í þjálfarahópinn Ásdís Ernu og Viðarsdóttir og hefur fyrirkomulagið verið sett þannig upp að þau þrjú sjá um þjálfun 6., 5. og 4. flokks kvenna og bera ábyrgð á verkaskiptingu milli flokkana. Ásdís er frábær viðbót í öflugan hóp, með mikla reynslu að baki og deildin hefur miklar væntingar til samstarfs þeirra þriggja, og byrjunin þar lofar svo sannarlega góðu!

Í 6. flokki eru stóru mótin Króksmót og Símamótið í Kópavogi, að auki fer flokkurinn á mörg minni mót.

5. flokkur kvenna tekur þátt í B-riðli Íslandsmóts en stór verkefni eru líka Pæjumótið í Eyjum og Símamótið í Kópavogi

4. flokkur kvenna sem kemur nú til leiks á ný og leikur í B-riðli Íslandsmótsins. Horft verður til þess hvort mót verða haldin fyrir flokkinn og þá er hugmyndin að stökkva til og verða með í fjörinu. Í vor var svo tekin ákvörðun um samstarf við Þrótt í 2.flokki kvenna. Í þeim flokki eigum við ÍR-ingar 7 stúlkur sem ljóst var að fengju minni verkefni en við reiknuðum með þegar keppnisfyrirkomulag meistaraflokks kvenna lá fyrir. Við teljum mjög miklu máli skipta að þær fái keppnisreynslu og verði þeir grunnur að framtíðarliði félagsins sem við vitum að þær geta orðið og því var það mikilvægt að fá samstarf þar sem þær fá leiki. Helga Dagný mun fylgja okkur stelpum eftir í þessum flokki.

Auk þessara þjálfara bættust í okkar hóp tveir reynsluboltar í viðbót. Ómar Torfason hefur komið að hlaupa- og styrktarþjálfun yngri iðkenda og Helena Ólafsdóttir sem kom til starfa við meistaraflokk kvenna hjá félaginu og hefur komið að verkefnum yngri flokka einnig.

Allt þetta starf hefur verið leitt af yfirþjálfara yngri flokka, Jóhannes Guðlaugssyni. Hann heldur utan um heildarstarfið, markmiðasetningu auk þess að hafa leitt verkefni sem ætlað er að styrkja þjálfun krakkanna enn frekar. Í vetur hefur hann áfram haldið fundi fyrir þjálfara og miðar í starfinu að öflugri samfellu í þjálfun innan félagsins. Hann hefur líka leitt verkefni með stjórn og Barna- og unglingaráði þar sem unnið er að framtíðarsýn og heildar stefnumörkun fyrir knattspyrnudeildina.

Frá hausti 2020 höfum við haft nýtt íþróttahús til afnota, fjölnotahús á ÍR-svæðinu. Það býður upp á marga möguleika þó við auðvitað viðurkennum það að okkar ósk væri að fá fleiri tíma þar úthlutað og að því er stefnt, enda mikil vöntun á æfingaaðstöðu. Eitt nýmælið sem tekið var upp vorið 2021 var að nýta það til aukaæfinga að morgni. Það mæltist vel fyrir og er mikil viðbót við okkar flóru og klárlega eitthvað sem verður meira nýtt í framtíðinni.

Meistaraflokkur kvenna

Meistaraflokkur kvenna féll niður í 2.deild eftir leiktímabilið 2019 og var það þungt í skauti. Gríðarleg áföll höfðu orðið í leikmannahópnum og veturinn 2019 – 2020 var heilmikil barátta að fá stelpur til að halda áfram og um tíma leit út fyrir að ekki tækist að senda lið í til leiks sumarið 2020. Með samhentu átaki stjórnar og þjálfaranna Sigurðar Þ. Sigurþórsson og Ásgeirs Eiríkssonar tókst þó að manna liðið stúlkum sem voru tilbúnar að leggja sig fram fyrir félagið og í kjölfarið var ákveðið að taka upp nákvæmlega sama samningsform í báðum meistaraflokkum félaganna og styrkja umgjörð leikmannahóps stelpnanna verulega. Liðið hóf deildina vel og um mitt mót vorum við í slag í efri hluta deildarinnar. Covid pásurnar yfir sumarið fóru illa með okkar lið sem virtist verða fyrir meiri skakkaföllum í þeim en hjá öðrum. Eftir fimm töp síðsumars í röð endaði liðið í neðsta sæti jafnrar deildar þegar mótið var blásið af sem var auðvitað leiðinlegt eftir fína byrjun.

Það var þó minna mál en þær jákvæðu breytingar sem urðu milli ára í fjölda og helgun leikmanna að verkefninu. Allt sumarið voru rúmlega 20 konur að leggja á sig æfingar og voru til hreinnar fyrirmyndar í öllum sínum athöfnum innan vallar og utan. Á því hefur tekist að byggja á og við erum handviss um það að til lengri tíma verður horft til sumarsins 2020 sem þess þegar meistaraflokkur kvenna sparkaði sér upp af botninum og til stærri áfanga.

Að tímabili loknu var ákveðið að söðla um í þjálfarateymi flokksins. Sigurður Sigurþórsson hafði leitt starfið síðustu tvö tímabil og að öðrum ólöstuðum vann hann stærsta þrekvirkið í því að halda flokknum gangandi og á tánum. Hann tók starfinu þegar enginn annar var tilbúinn til þess og í raun aðeins þrír leikmenn voru á nafnalistanum, barðist við ofurefli í 1.deild sumarið 2019 en gafst ekki upp og lagði mikið á sig til að fá inn leikmenn og búa þá undir verkefnið í 2.deild. Sigurður er

drengur góður og alltaf til fyrirmyndar í öllum sínum störfum, þau verða seint fullþökkuð en svo sannarlega gert hér í dag.

Í stað Sigurðar var ákveðið að setja upp teymi þriggja einstaklinga. Engilbert H. Friðfinnsson kom aftur til starfa en hann hefur verið viðloðandi þjálfun meistaraflokks kvenna hjá ÍR í gegnum tíðina. Margrét Sveinsdóttir var sótt til baka heim í Breiðholtið frá Þrótti og voru þessi tvö gerð ábyrg fyrir öllum tækni- og taktískum þáttum leiksins, liðsvinnunni g framkvæmd leikja. Raðsigurvegarinn og fyrrum landsliðsþjálfarinn Helena Ólafsdóttir var fengin inn í hópinn, en hún ber ábyrgð á líkamlega þætti flokksins og leiðir markmiðssetningu auk almennrar ráðgjafar inn í hópinn byggt á sinni miklu reynslu. Margrét gengur nú með barn og mun gera heiminn fallegri nú um mitt sumar og í hennar stað kemur inn í teymið tímabundið áðurnefnd Helga Dagný.

Markmið kvennaliðsins eru þau nákvæmlega sömu og karlanna. Stelpurnar hafa alla möguleika á því að vinna sig hratt upp töfluna í 2.deild miðað við þá vinnu sem þær hafa lagt á sig í vetur og þá eiginleika sem við greindum í byrjun síðasta sumars. Við ætlum okkur því upp í næstefstu deild sem fyrst og berjast um að fara enn hærra á næstu árum.

Meistaraflokkur karla

Meistaraflokkur karla tók þátt C-deild Íslandsmótsins sumarið 2020. Jóhannes Guðlaugsson og Halldór Arnarsson stýrðu hópnum sem áfram var leiddur af stærstum hluta af uppöldum ÍR-ingum í samræmi við stefnu félagsins í þeim málum. Var tekin ákvörðun þegar um þriðjungur var liðinn af mótinu að breyta um brag í þjálfarateyminu. Mikil röskun varð í undirbúningi liðsins líkt og annarra í mars 2020 þegar allar æfingar voru bannaðar vegna Covid-farsóttarinnar. Þegar keppni hófst upp úr miðjum júní varð strax ljóst að það hafði haft áhrif á okkar undirbúning og mótið var okkur erfitt. Við vorum um miðja deild þegar aftur var dregið fyrir æfingar í júlí og þegar keppni hófst aftur í ágúst töpuðust sex af sjö leikjum og framundan hörð fallbarátta. Fenginn var inn ráðgjafi í teymið og Arnar Hallsson bættist í hóp þjálfaranna. Tveir sigurleikir í kjölfarið reyndust afdrifaríkir en fljótlega upp úr því var enn á ný tekið hlé vegna Covid og nú hófst mótið ekki á ný, var blásið af í nóvember og lokastaðan ákveðin eins og þegar það hlé var sett í gang. Við vorum þá í 9.sæti sem varð niðurstaða mótsins hjá strákunum 2021.

Í kjölfar mótsins var tekin ákvörðun að breyta um kúrs í þjálfun meistaraflokksins og var gengið til samninga við áðurnefndan Arnar Hallsson og samþykkti hann samning til næstu ára og í kjölfarið var ráðinn honum til aðstoðar Arnar Steinn Einarsson sem kom til okkar frá Val og er auk þess að vera með Arnari að þjálfa 4. flokk karla.

Stefnan í meistaraflokki karla er skýr. Til framtíðar er það stefna ÍR að vera stöðugt lið í næst efstu deild sem berst um það að keppa um sæti í þeirra efstu auk þess sem það á að verða vettvangur þeirra afreksmanna sem alast upp innan raða félagsins og góður verustaður leikmanna með metnað sem hafa alist upp í öðrum félögum. Til styttri tíma litið þá eru markmið félagsins að ná sæti í næst efstu deild hið fyrsta og hefur þjálfarateymið sett það markmið fyrir sumarið 2021.

Langtímamarkmiðið er hins vegar aldrei of oft kveðið, það er að liðið nái árangri á „sjálfbæran hátt“ með kjarna leikmanna sem farið hafa í gegnum yngri flokka starf félagsins. Við erum að fá upp marga öfluga leikmenn úr því starfi og á árinu 2021 hafa þrír leikmenn verið valdir í yngri landslið. Það er til marks um þann metnað sem félagið hefur lagt í þjálfun undanfarin ár og svo sannarlega markmið til framtíðar einnig að fjölga í þeim hópi jafnhliða árangri liðsins inni á vellinum.

Ef horft er yfir starf félagsins er ákveðinn mótbyr hjá meistaraflokkum félagsins sem báðir keppa nú í C-deild. Hugur okkar er að nú séum við komin á þann stað að fara hratt upp á við þar sem að grunnurinn í félaginu er mun betri en á síðustu árum og leikmenn hafa öðlast dýrmæta reynslu. Mikill metnaður er í þjálfarateymum meistaraflokka og mikil vinna verið lögð upp á síðustu mánuðum sem miðar að þeim árangri.

Árangur yngri flokkanna

Árangur yngri flokka sumarið 2019 var með ágætum og markmiðin um að styrkja þjálfunarumgjörð á góðri leið jafnhliða því að stöðugt fleiri flokkar eru að keppa í sterkustu riðlum Íslandsmótsins sem skiptir auðvitað miklu máli þegar kemur að taktískum undirbúningi.
Foreldraráð eru í hverjum flokki fyrir sig og ber að þakka þau störf af heilum hug. Þar birtist best hjartsláttur hvers flokks sem skilar miklu inn í starfið almennt og leiðir verkefni hvers aldursskeiðs vel. Með auknum leikjafjölda félagsins hefur dómaraverkefnum fjölgað mjög og á liðnum árum hafa verið haldin regluleg dómaranámskeið til að bregðast við því. Þar má þó endalaust gera betur og með því draga úr álagi á þann hóp dómara sem vinna hjá félaginu. Það er ekki alltaf þakklátt starf að vera dómari og mjög mikilvægt að kröftuglega sé staðið á bak við þá einstaklinga sem þeim störfum sinna.

Á árinu 2020 hefur verið unnið að enduruppbyggingu rekstrarþátta. Þrátt fyrir að rekstur meistaraflokkanna á árinu 2020 hafi verið í algeru lágmarki ef litið er til samkeppnisaðila félagsins þá er ljóst að það fylgir töluverður kostnaður rekstri meistaraflokka. Á undanförnum árum hefur verulega dregið úr styrkjum frá fyrirtækjum í formi auglýsinga og er nú svo komið að einungis lítill hluti tekna deildarinnar koma frá þeim aðilum og við því er bara hægt að bregðast á einn veg, finna aðrar fjáraflanir í þeirra stað.

Covid faraldurinn hafði mikil áhrif á innkomu tengdum aðgangseyri og tengdum verkefnum auk þess sem samdráttur á hinum almenna markaði allt að því lokaði á alla styrki þaðan frá. Það sem fleytti okkur í gegnum ástandið voru aðgerðir stjórnvalda og KSÍ og ótrúlega gott að íþróttin hafi fengið öflugt innslag þeirra bakhjarla. Það þýddi að við náðum að halda áfram endurskipulagningu og reksturinn var innan þess ramma sem við lögðum upp með og afkoman því á ágætis róli þó ljóst sé að veltan sé að dragast verulega saman. Það er umhverfið sem við þurfum að lifa í og miðast áætlanir við þá raunstöðu. Við ætlum að ná árangri á réttum rekstrarlegum forsendum og læra af alls konar hlutum í okkar fortíð sem hafa komið illa fyrir okkur inn á milli. Við höfum alla trú á því verki!

Félagslega þurfum við að horfa til þess að knattspyrnudeild ÍR sé heildarmynd en ekki samsett í hlutum. Yngri flokka starf og starfsemi meistaraflokka þarf að vinna saman, það styrkir starf hvors arms fyrir sig. Stilla þarf saman strengi og horfa til þess að með því verður félagið mun líklegra til frekari afreka.

Á síðasta aðalfundi deildarinnar voru tilkynntir þeir meginþræðir sem stjórn hugðist vinna eftir, fimm punkta áætlun:

- Standa vörð um þann árangur sem náðst hefur í iðkendafjölda og árangri yngri flokka karlamegin hjá félaginu og byggja enn frekar þar ofan á.
- Sérstakt átak þarf að fara í gang til að fjölga iðkendum yngri flokka kvenna.
- Styrkja þarf fjárhagsgrundvöll meistaraflokka félagsins og laga skuldastöðu.
- Horfa til þess að meistaraflokkar félagsins verði sýnilegir afreksíþróttaflokkar.
- Fjölga höndum til verka fyrir félagið og styrkja sameiginlegan vettvang.

Það er mat formanns að mörgu leyti hafi vel heppnast, sérstaklega í fyrstu þremur punktunum. Þegar horft er til síðari tveggja hlutanna eru sterkar vísbendingar um að raðirnar séu að péttast og allar leiðir liggi uppávið.

Stjórn knattspyrnudeildar stendur einhuga áfram og mun leggja allt sitt í að ná þeim markmiðum sem hafa verið reifuð hér. Við erum mjög stolt af okkar þjálfarahópi og þeirri alúð og þeim metnaði sem við greinum hjá þeim. Á því getum við byggt og styrkt félag sem er hægt og rólega að fá þá aðstöðu sem stærð þess og #hvítbláahjartað ber að hafa. Öllu máli skiptir að allir kraftar togi í sömu átt og vinni að því verki í samvinnu við borgaryfirvöld og KSÍ að sá stallur verði hjá félaginu fyrr en síða.

Að því sögðu eru ítrekaðar þakkir til allra þeirra sem komið hafa að starfi knattspyrnudeildar frá aðalfundi 2021. ÍR mun alltaf standa og falla með þeim trausta hópi sjálfboðaliða sem eru reiðubúnir að berjast fyrir framgangi félagsins og síðan þeim hópi þjálfara og iðkenda sem bera merki félagsins á æfingum og í keppnum á þess vegum.

ÍR á fjölmörg tækifæri og möguleikarnir eru endalausir…..ef við saman berum til þess gæfu að styrkja alla okkar þætti þá eru allir vegir færir!

Áfram ÍR!!!!!

Magnús Þór Jónsson, formaður knattspyrnudeildar.

KÖRFUKNATTLEIKSDEILD ÍR

ÁRSSKÝRSLA 2020 – 2021

SKÝRSLA STJÓRNAR

Stjórn Körfuknattleiksdeildar ÍR á tímabilinu 2020-2021 var þannig skipuð: Formaður Guðni Fannar Carrico, Elvar Guðmundsson varaformaður, Haukur Þór Haraldsson, gjaldkeri, Hilmar Sigurjónsson, Birgir Lúðvíksson, Steinar Þór Guðjónsson og Pétur Hólmsteinsson stjórnarmenn.

Meistaraflokksráð karla :
Herbert Arnarson, Hjálmar Sigurþórsson, Hilmar Sigurjónsson, Jóhannes Karl Sveinsson, Gísli Hallsson, Guðmundur Óli Björgvinsson , Sveinbjörn Claessen

Meistaraflokksráð kvenna:
Fríða Torfadóttir, Fjóla Lýðsdóttir, Birgir Lúðvíksson, Guðni Fannar Carrico, Elvar Guðmundsson, Jóhanna Kristín Guðmundsdóttir og Kolfinna Birgisdóttir.

Unglingaráð skipuðu:
Davíð Hansson Wíum formaður, Haukur Þór Haraldsson, Þorsteinn Ingi Garðarsson, Davíð Bjarnason, Vera Antonsdóttir

STARFSEMIN:

Stjórnin hittist annað slagið á netfundum þegar þurfa þótti en að öðru leyti fóru samskipti stjórnar fram í gegnum síma, tölvupósta osfrv.

BÚNINGAMÁL:

KKD ÍR spilaði undir merkjum Jako sjötta árið í röð. Samningur ÍR og Jako nær til allra deilda félagsins. Jako sér einnig um sölu á öllum keppnisbúningum til yngri flokka félagsins.

FJÁRMÁL:

Tekjur drógust saman um 14% á árinu og útgjöld um 20%. Erfitt er að bera afstaðið tímabil við síðustu tímabil vegna Covid 19. Meistaraflokksráð ásamt gjaldkera hafa unnið frábært starf og eiga mikið hrós skilið. Erfiðleikar að völdum Covid 19 hafa sett strik í reikninginn. Styrkir frá ÍSI og Reykjavikurborg hafa verið mikið hvalreki fyrir deildinna.

Seldar voru vörur og varningur á árinu til fjáröflunar. Helstu fjáraflanir á við Nettó mót, vinna við frjálsíþróttamót og hin og þessi verkefni féllu niður að völdum Covid 19.

Aðalstyrkaraðilar deildarinnar eru þeir sömu og undanfarin ár. Helstu stuðningsaðilar deildarinnar eru Hertz, Alvogen,Nettó, Tryggingamiðstöðin, Subway, Byko, Landslög, og Lagastoð ásamt öðrum góðum fyrirtækjum. Aðkoma styrktaraðila deildarinnar er forsenda þess að geta haldið upp metnaðarfullu starfi hjá Körfuknattleiksdeild ÍR.
4

MEISTARAFLOKKUR KVENNA:

Þjálfari var Ísak Máni Wium og aðstoðarþjálfari Birgir Lúðvíkson.

Liðið hefur náð ótrúlegum árangri á síðustu þremur árum og eiga þjálfarar liðsins ásamt leikmönnum mikið hrós skilið. Liðið endaði í 2.sæti í 1 deild kvenna aðeins tveimur stigum á eftir toppliði Njarðvíkur.

Liðið er þegar þetta er skrifað í úrslitakeppni í harðri baráttu um sæti í deild þeirra bestu á næsta tímabili.

MEISTARAFLOKKUR KARLA:
Þjálfari var Borche Illievski Sansa og honum til aðstoðar var Kristjana Eir Jónsdóttir.

Liðið endaði í 10. sæti í Dominos deildinni og verður það að teljast langt undir væntingum sem gerðar voru til liðsins fyrir mót.

Fyrir komandi tímabil mun Borche Illievski halda áfram með liðið.

YNGRI -FLOKKAR:
Yngriflokkastarfið hefur gengið vel þessu ári.
167 iðkendur sem er aukning um 17 síðan í fyrra.
Allir strákaflokkar sem keppa á íslandsmóti með a.m.k tvö lið skráð til leiks.
(Unglingaflokkur með eitt lið)
Markmið og vilji deildarinnar er að auka við iðkendur í yngstu aldurshópunum fyrir komandi ár.

Ný vefsíða fór í loftið og höfum við verið töluvert sýnilegri á samfélagsmiðlum en undanfarin ár. Einnig tókum við skref upp á við með ÍR TV og hefur það komið mjög vel að notum.

Þetta tímabil hefur verið erfitt fyrir alla. Leikmenn, þjálfara og alla þá sem hafa komið að starfinu í vetur og sannar hvað við búum að góðu fólki i kringum deildina.

Stjórn Körfuknattleiksdeildar ÍR vill koma á framfæri þökkum til allra þeirra sjálfboðaliða sem hjálpuðu til í starfinu í vetur með von um farsælt samstarf á næsta ári.

Guðni Fannar Carrico, formaður Körfuknattleiksdeildar ÍR.

SKÍÐADEILD ÍR -
starfsskýrsla 2020-2021

Aðalfundur og skipan stjórnar

Aðalfundur skíðadeildar fyrir starfsárin 2019 - 2020 fór fram í ÍR heimilinu, Skógarseli 19. ágúst 2020.

Í stjórn voru kjörin:
Formaður: Gísli Reynisson
Varaformaður: Sigrún Inga Kristinsdóttir
Gjaldkeri: Eiríkur Magnús Jensson
Meðstjórnendur:
Ágústa Þorbergsdóttir,
Gunnlaug Gissurardóttir,
Hálfdan Guðmundur Gunnarsson og
Rebekka Halldórsdóttir.

Fulltrúi ÍR í Skíðaráði Reykjavíkur er Sigrún Inga Kristinsdóttir og til vara Gísli Reynisson.

Starfsemin

Sennilega hefur engan óað fyrir því í fyrra vor að við værum en í sömu sporum ári síðar. Þetta starfsár líkt og það síðasta hefur litast að samkomutakmörkunum, snjóleysi og langvarandi vindatíð. Þrátt fyrir þetta hafa iðkendur okkar skilað sér, sýnt fádæma þolinmæði og dugnað. Aðstaðan í nýja knattspyrnuhúsinu hefur sannað gildi sitt. Það er okkur mjög dýrmætt að hafa slíka aðstöðu til taks þegar ekki gefur í fjallið. Þá er verkefnið ÍR-ungar að skila inn iðkendum inn í skíðadeildina og er það vel. Þrátt fyrir snjóleysi hafa starfsmenn Bláfjalla unnið þrekvirki með þann snjó sem kom. Ekki fékkst leyfi til að opna fyrir æfingar fyrr en 30. desember en hefur verið opið fyrir æfingar tæplega 40 daga. Þá hafa æfingahóparnir farið nokkrar æfingaferðir á Tindastól.

Í apríl var mikil bjartsýni um að veturinn myndi klárast á jákvæðum nótum, þrátt fyrir Covid en þá var skellt á harðari sóttvarnarráðstöfunum sem urðu þess valdandi að Andrésar Andarleikum var aflýst ásamt Unglingameistaramóti Íslands í flokkum 12-15 ára. Skíðamót Íslands fór fram með lágmarks tilstandi og þátttöku.

Skíðaskálinn hefur verið lokaður í vetur fyrir aðra en iðkendur og því ekki komin inn neinar tekjur á hann. Þrátt fyrir minni umgang og enga útleigu höfum við þurft að halda úti vöktum í skálanum, mannaðar af foreldrum í sjálfboðavinnu, til að tryggja

sóttvarnir og reyna að halda honum þokkalega hreinum. Rekstur skálans er okkur þungur og þarfnast stöðugs viðhalds vegna galla í byggingu. Kristinn Gíslason sem hefur séð um skálann undanfarin ár hefur unnið þrekvirki í viðhaldi og hreingerningum en það er ekki á einn mann leggjandi að sinna svona byggingu og það að mestu í sjálfboðavinnu.

Fjármál og rekstur

Vísa í ársreikning deildarinnar.

Þjálfun veturinn 2020-21

16 ára og eldri

Skíðadeild ÍR er í samstarfi við skíðadeildir Ármanns, Breiðabliks, KR, Fram og Víkings um þjálfun 16 ára og eldri undir merkjum Skíðaliðs Reykjavíkur og Breiðabliks (SLRB) líkt og hefur verið undanfarin ár. Reynt hefur verið eftir fremsta megni að halda úti metnaðarfullu prógrammi hér heima fyrir þennan hóp í vetur en snjóleysi og Covid hafa sett stórt strik í reikninginn. Til stóð að fara í nokkrar æfinga- og keppnisferðir í vetur en eingöngu var boðið upp á eina ferð í enda október. Tekist hefur að halda sex bikarmót og var Skíðamót Íslands í lok apríl. Tveir serbneskir þjálfarar hafa umsjón með þessum hóp, þeir Markó Spoljaric og Damjan Herr Vesovic

14 -15 ára

Auk ÍR og Víkings hafa Ármenningar bæst inn í samstarfið með þjálfun þessa hóps og sér Egill Ingi Jónsson um þjálfun. Sá Egill einnig um þrekæfingarnar. Í vetur voru haldin fjögur Bikarmót fyrir þennan flokk en Unglingameistarmóti og Andrésar Andarleikum var aflýst vegna Covid.

12 -13 ára

Hér erum við einnig í samstarfi við skíðadeildir Víkings og Ármanns með þjálfun. Þessi hópur líkt og aðrir hafa ekki orðið varhluta af ástandinu vegna heimsfaraldursins. Eins og í 14-15 ára þá voru fjögur Bikarmót og UMÍ og Andrésar Andarleikum aflýst. Þjálfarar eru þeir Kristinn Logi Auðunsson, Gísli Rafn Guðmundsson og Pálmar Pétursson. Kristinn Logi sá einnig sá um þrekþjálfun sem fór að mestu fram í nýja ÍR húsinu.

10 - 11 ára

Þjálfarar eru þær Dagmar Ýr Sigurjónsdóttir og Brynja Þorsteinsdóttir. Þrekæfingar byrjuðu í september en Sigríður Dröfn Auðunsdóttir sá um þær, voru að mestu utan dyra og í nýja ÍR-húsinu. Um leið og opnað var í Bláfjöllum hófust æfingar á snjó eins og hægt var.

Eingöngu er búið að halda eitt mót í vetur fyrir þennan flokk.

8 – 9 ára

Þjálfarar með þennan flokk eru þau Ása Bergsdóttir Sandholt og Tandri Snær Traustason. Þrekæfingar voru að mestu í nýja ÍR húsinu og sá Sigríður Dröfn Auðunsdóttir og Þórdís Helga Ásgeirsdóttir. Æfingar í Bláfjöllum hófust um leið og skíðasvæðið opnaði. Búið er að halda eitt mót fyrir þennan hóp.

7 ára og yngri

Þjálfarar voru þær Aníta Ýr Fjölnisdóttir, Silja Hrönn Sigurðardóttir og Þórdís Helga Ásgeirsdóttir, sem einnig sá um þrekæfingar. Þetta er ansi fjölmennur hópur og fer stækkandi. Fyrir þennan aldur náðist að halda Ármannsleika í lok febrúar.

Landslið

Sigríður Dröfn Auðunsdóttir tók þátt á Heimsmeistaramótinu í alpagreinum sem fram fór í Cortina á Ítalíu í febrúar og var það eina verkefnið sem hún fór í erlendis í vetur vegna heimsfaraldursins.

Mótahald

Ekki hefur verið mikið um mótahald í vetur. Skíðadeildin hélt þó tvö svigmót í Bikarmótaröð Skíðasambandsins í flokkum 12 – 13 ára og 14 – 15 ára með góðri aðstoð frá öðrum skíðadeildum á höfuðborgarsvæðinu í lok janúar. Einnig aðstoðuðum við félaga okkar í Breiðablik og KR við mótahald í fullorðins flokki um miðjan mars. Ekki hefur tókst að klára að halda öll mót sem voru á dagskrá vegna Covid.

Íþróttafólk Skíðadeildarinnar 2020

Í ár tilnefndi skíðadeildin eingöngu íþróttakonu

Íþróttakona: Sigríður Dröfn Auðunsdóttir

Sigríður hóf árið af kappi og var stefnan að vera erlendis við æfingar og keppni allan veturinn. Hún var stödd á HM Unglinga í Narvík í Noregi þegar öllu var slegið af í byrjun mars. Sigríður Dröfn er mikill íþróttamaður og hefur eftir bestu getur reynt að stunda styrktaræfingar sem nýtast skíðafólki samhliða því að keppa í fótbolta með meistaraflokki ÍR frá því að skíðatímabilinu lauk. Sigríður hefur unnið sér inn keppnisrétt bæði í svigi og stórsvigi í undankeppni HM sem fram á að fara í Cortina á Ítalíu í febrúar næst komandi og var krýnd Reykjavíkurmeistari í svigi fyrir árið 2020.

Lokaorð

Skíðafólk er og hefur sennilega alltaf verið bjartsýnisfólk. Við erum því viss um að eftir þennan vetur geti sá næsti ekki verið neitt annað en spennandi. Fyrirhuguð er fjölskyldu- og æfingaferð til Wagrain í Austurríki í janúar næst komandi. Mikil og góð reynsla er komin á samstarf okkar við Víkinga og nú eru Ármenningar komnir inn í það samstarf í unglingaflokkum. Hefur þetta samstarf styrkt deildina og er grunnurinn af því metnaðarfulla starfi sem við getum boðið upp á. Þá er samstarf allra skíðadeilda á höfuðborgarsvæðinu undir nafni Skíðaliðs Reykjavíkur og Breiðabliks gríðarlega mikilvægt og hefur brottfall á milli unglinga og fullorðinsflokka dregist saman. Þrátt fyrir að ekkert hafi enn orðið að fyrirhugaðri uppbyggingu á skíðasvæðunum trúum við því að það hljóti að gerast á næstu árum en langvarandi frostakafli í vetur hefði getað tryggt skíðafólki snjó langt fram á vorið ef snjóframleiðsla væri komin á svæðin.

Starf skíðadeildarinnar er öflugt, eigum við mikið af efnilegu skíðafólki og kraftmikinn foreldrahóp en það er grunnurinn af því að hægt sé að halda úti svona starfi. Til að skíðaíþróttin geti haldið áfram að dafna þá er lykillinn sú uppbygging sem er fyrirhuguð í Bláfjöllum og Skálafelli á næstu misserum.

Skíðadeildin getur því horft björtum augum til framtíðarinnar.

Áfram ÍR

TAEKWONDODEILD ÍR

ÁRSSKÝRSLA 2020

Aðalfundur 2020 var haldinn 6. júlí. Stjórn deildarinnar var svo skipuð fyrir starfsárið 2020-21

Formaður: **Jóhann V Gíslason** (hélt áfram)

Gjaldkeri: **Guðni Pálsson** (hélt áfram)

Meðstjórnandi: **Arnar Bragason** (hélt áfram)

Meðstjórnandi: **Loic Jacky Raymond M Letertre** (hélt áfram)

Meðstjórnandi: **Guðrún Guðmundsdóttir** (kom ný inn)

Skýrsla stjórnar (starfsárið 2020)

Árið 2020 var óvenjulegt vegna takmarkana sökum Covid 19. Mótahald lág alveg niðri frá mars og æfingar voru takmarkaðar á vor- og haustönn. Starfið stoppaði þó aldrei og fengu iðkendur reglulegar heimaæfingar til að halda sér við efnið.

Iðkendafjöldi minnkaði á vorönn 2020 frá 70 í 55 og jókst lítillega upp í 60 manns á haustönn. Auglýsingamiðum var dreift í upphafi anna sem fyrr.

Engar breytingar urðu á þjáfurum, Arnar Bragason aðalþjálfari og María G. Sveinbjörnsdóttur héldu áfram að vinna gott starf við krefjandi aðstæður.

Æfingargjöld voru óbreytt, 25.000 fyrir alla hópa. Rekstrarafkoma deildarinnar var verri en áður, en það skýrist að mestu vegna búnaðarkaupa. Keyptir voru standandi sparkbúðar til að auðvelda æfingar með tilliti til sóttvarna. Styrkir vegna búnaðarkaupa og Covid 19 koma til móts við hallann, en það þarf að huga að ná hallalausum og eða jákvæðum rekstri.

Æfingarhóparnir eru sem fyrr þrír, 6-12 ára byrjendur/framhald og 13 ára og eldri. Þátttaka á þeim tveim mótum sem voru haldin var góð.

Árangur á mótum 2020

RIG - 2.febrúar	Flokkur	
Olegas Trukanavicius	Cadet B -41 kg - karla	Gull í bardaga
Sveinn Logi Birgisson	Junior - A -63kg - karla	Silfur í bardaga
Zayd El Bouazzati	Cadet - A -45kg - karla	Siflur í bardaga
Ibtisam El Bouazzati Sveinn Logi Birgisson	Junior A - pör	Brons í tækni
Bikarmót 2 - 29.feb-1.mars	Flokkur	
Sveinn Logi Birgisson	Junior - A -63kg - karla	Gull í bardaga
Olegas Trukanavicius	Cadet B -41 kg - karla	Silfur í bardaga

Máni Sochor Kristinsson	Cadets B -45 - karla	Silfur í bardaga
Víglundur Þór	Veteran A - karla	Brons í tækni
Guðrún Guðmundsdóttir	Veteran C - kvenna	Brons í tækni

Taekwondo maður og kona ársins 2020 voru þau:
Sveinn Logi Birgisson og Ibtisam El Bouazzati.

Æfingaraðstaða deildarinnar batnaði með tilfærslu lyftingartækja yfir í nýja knatthúsið. Taekwondo og júdó skipta salnum nú á milli sín.

Helstu verkefni næsta árs fyrir utan áframhaldandi takmarkanir vegna Covid verða sem fyrr, aukning fullorðinna iðkenda og virkjun fleiri iðkenda/aðstandenda til starfa fyrir deildina.

Fyrir hönd stjórnar

Jóhann V. Gíslason (formaður)

5. maí 2021

MAGNÚSARSJÓÐUR MENNTUNAR-OG AFREKSSJÓÐUR ÍR

1. gr. Sjóðurinn heitir Magnúsarsjóður menntunar- og afrekssjóður Íþróttafélags Reykjavíkur en hann varð til með gjöf frá Magnúsi Þorgeirssyni ehf. í tilefni af 100 ára afmæli ÍR þann 11. mars 2007, en sjóðurinn er í vörslu aðalstjórnar ÍR.

2. gr. Markmið sjóðsins er að:
1. Veita afreksfólki í öllum deildum innan ÍR styrk vegna æfinga og/eða keppni og búa þeim sem besta aðstöðu til að stunda íþrótt sína.
2. Veita styrk til þess íþróttafólks sem valið er til æfinga eða keppni sbr. 3. gr.
3. Veita þjálfurum og leiðbeinendum sem starfa á vegum ÍR styrk til að sækja viðurkennd þjálfaranámskeið og/eða aðra menntun sem eflir þá í starfi. Stuðningur við þjálfara til endurmenntunar er hvetjandi fyrir viðkomandi m.a. til að halda áfram vinnu sinni fyrir félagið.

3.gr. Úthlutun – skilyrði. Aðeins þeir aðilar sem iðka eða þjálfa innan vébanda ÍR geta sótt um í sjóðinn. Til þess að fá styrk úr sjóðnum verður íþróttafólk innan ÍR að hafa sannað sig í sinni íþróttagrein hjá félaginu og verða um leið að sýna þann áhuga sem þarf til að ná auknum árangri og vinna af heilum hug fyrir félagið. Í einstaklingsíþróttum þarf iðkandinn að hafi unnið til verðlauna á Íslandsmóti eða öðrum sambærilegum mótum í sínum aldursflokki. Iðkandi í hópíþrótt þarf a.m.k. að vera í æfingahópi meistaraflokks, eða vera í landsliðsúrtaki í sínum aldursflokki. Þjálfarar þurfa að búa að góðum faglegum grunni, mikilli reynslu og sýna mikinn áhuga og metnað á þjálfun.

4. gr. Stjórn sjóðsins er skipuð þremur aðilum, en það eru: Fulltrúi Magnúsar Þorgeirssonar ehf., gjaldkeri aðalstjórnar ÍR og framkvæmdastjóri ÍR. Verkefni stjórnar er að ákvarða styrkveitingar úr sjóðnum og hafa eftirlit með nýtingu styrkveitinga ásamt því að sjá um kynningarstarfsemi sjóðsins í samvinnu við aðalstjórn ÍR. Stjórnarmenn sjóðsins skila árlegri skýrslu til aðalstjórnar ÍR og gera grein fyrir úthlutun sjóðsins.

5. gr. Stofnfé sjóðsins eru þrjár milljónir króna. En það er Magnús Þorgeirsson ehf. sem gefur eina milljón og tvær milljónir koma frá aðalstjórn ÍR. Tekjur af frístundakorti Reykjavíkurborgar til ÍR verða einnig notaðar í þetta verkefni en það er u.þ.b. ein milljón á ári.

Reykjavík 6. febrúar 2008

F.h. aðalstjórnar ÍR.
Hörður Heiðar Guðbjörnsson framkvæmdastjóri ÍR
F.h. Magnúsar Þorgeirssonar ehf Leifur Magnússon stjórnarformaður.

SJÓÐURINN – SKIPAN OG FJÁRMAGN

Menntunar- og afrekssjóður ÍR er í vörslu aðalstjórnar að upphæð 3.000.000 kr. Sjóðurinn er styrktur er af afkomendum Magnúsar Þorgeirssonar en um samstarfsverkefni er að ræða. Tveir stjórnarmenn koma frá ÍR og einn frá afkomendum Magnúsar, kosnir til eins árs í senn. Reynt verður að fá styrktaraðila til að styrkja sjóðinn enn frekar og standa straum af kostnaðinum sem afreksstefnunni fylgir. Tekið er við frjálsum framlögum á reikning 0115-15-380526, kt: 670169-1549. Einnig mun sjóðurinn eflast við ýmiskonar söfnunarfé og með sjóðnum skapast svo vaxtatekjur. Tekjur sem verða til vegna frístundakorts, sem rennur til aðalstjórnar ÍR, verða einnig notaðar í þetta verkefni.

MARKMIÐ SJÓÐSINS

Markmið sjóðsins er þverfaglegt, að fjármagna afreksstefnu ÍR, styrkja unga, efnilega og framúrskarandi ÍR - inga á aldrinum 14-22 ára til frekari þjálfunar og menntunar, skapa þeim toppaðstæður og rétta umgjörð sem og greiða leið þeirra aðila sem fara í keppnisferðir með landsliðum. Einnig að standa fyrir sameiginlegum þjálfunar og menntunarnámskeiðum innan félagsins, veita þjálfurum víðtæka aðstoð inn á æfingar og styrkja þjálfara á námskeið innanlands sem erlendis, allt til að gera góða þjálfara enn betri. Stuðningur við þjálfara til endurmenntunar er hvetjandi fyrir viðkomandi m.a. til að halda áfram vinnu sinni fyrir félagið.

Kynning

Samantekt upplýsinga um sjóðinn verður inni á heimasíðu ÍR. Þar verður sérstaklega tekið fram hvenær sækja má um í sjóðinn og hvenær niðurstöðu megi vænta. Einnig verða þar sérstök eyðublöð sem skylt er að útfylla þegar sótt er um. Hægt er að sækja um í sjóðinn tvisvar sinnum á ári (apríl/október). Fyrst er hægt að sækja um í sjóðinn í september 2008. Stjórnum deilda er send tilkynning með góðum fyrirvara og hvattar til að sækja um fyrir iðkendur, þjálfara og nýjungar á sviði afreksíþrótta. Að loknu verkefni, uppgjöri og skýrsluskilum er styrkurinn greiddur. Fréttatilkynning mun vera send þegar úthlutanir úr sjóðnum liggja fyrir sem og annað fréttnæmt tengt afreksstefnunni.

Hluti af afreksstefnu ÍR er eftirfarandi:

- Sjá þjálfurum ÍR fyrir sem bestri aðstöðu til að ná framúrskarandi árangri með iðkendur sína í sinni grein.
- Sjá þjálfurum ÍR og þá iðkendum þeirra fyrir sérþjálfun reyndra fagþjálfara innan Frjálsíþróttadeildar ÍR, þar sem unnið er í líkamlegum þáttum s.s. styrk, samhæfingu, liðleika, hreyfimynstri, kraftþjálfun, úthaldsþjálfun, hlaupastíl og hraðaþjálfun, ásamt ráðgjöf og erindum í formi fyrirlestra. Hver deild sér um að útfæra ýmsa þætti sem lúta að tækni í viðkomandi íþróttagrein.
- Sjá iðkendum ÍR fyrir góðum mælingum á líkama en Gáski Sjúkraþjálfun framkvæmir slíkt gegn vægu gjaldi. Fengin er ítarleg mynd á líkamsástandi viðkomandi með t.a.m. göngugreiningu, hlaupagreiningu, liðleikamælingu, stökkkraftsmælingu, stöðugleikamælingu liðamóta bæði mekkaníska og stafræna og stöðu fótleggja og hryggjar. Einnig geta þjálfarar fengið erindi og verklega kennslu í fyrstu meðferð eftir bráð meiðsli, ökklatognunum, hnémeiðslum, ofþjálfun, vöðvatognunum og álagsmeiðslum og þá sérstaklega í nára og læri en þau eru hvað algengust.
- Sjá þjálfurum ÍR fyrir kennslu og einstaklingsráðgjöf í íþróttasálfræði þar sem m.a. er farið í ákjósanlegt hugarástand fyrir keppni, undirbúning fyrir keppni, spennustjórnun, mikilvægi athygli og einbeitingar, notkun skynmynda, sjálfsskoðun, jákvæða hugarorku og hópefli. Haukur Ingi Guðnason íþróttasálfræðingur er með það að markmiði að kenna þjálfurum aðferðir sem þeir geta nýtt til að bæta frammistöðu iðkenda sinna.
- Sjá þjálfurum ÍR fyrir kennslu og ráðgjöf í næringarfræði þar sem farið er í almenna næringarfræði, fræðslu um fæðubótarefni og fleira sem viðkemur réttu mataræði og uppbyggingu líkamans. Fríða Rún Þórðardóttir er næringarfræðingur ÍR.

Úthlutun – skilyrði

Aðeins þeir aðilar sem iðka eða þjálfa innan vébanda ÍR geta sótt um í sjóðinn. Til þess að fá styrk úr sjóðnum verður íþróttafólk innan ÍR að hafa sannað sig í sinni íþróttagrein hjá félaginu og verða um leið að sýna þann áhuga sem þarf til að ná auknum árangri og vinna af heilum hug fyrir félagið.
Í einstaklingsíþróttum þarf iðkandinn a.m.k. að hafa unnið til verðlauna á Íslandsmóti eða öðrum sambærilegum mótum í sínum aldursflokki. Verður einnig tekið mið af lágmörkum einstakra sérsambanda, líkt og FRÍ er með, til að gæta jafnræðis og jafnvægis í vali einstaklinga. Iðkandi í hópíþrótt þarf a.m.k. að vera í æfingahópi meistaraflokks, helst að vera í landsliðsúrtaki í sínum aldursflokki. Þjálfarar þurfa að búa að góðum faglegum grunni, mikilli reynslu og sýna mikinn áhuga og metnað á þjálfun. Eins og fram hefur komið er unnið þvert á félagið þannig að öllum deildum stendur til boða að taka þátt.

Lög Íþróttafélags Reykjavíkur

Samþykkt á aðalfundi ÍR 23. maí 2018

I. Nafn, heimili og tilgangur

1. gr.
Félagið heitir Íþróttafélag Reykjavíkur, skammstafað ÍR. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.
2. gr.
Tilgangur félagsins er iðkun hverskonar íþrótta, sem landslög heimila, og að efla áhuga almennings á gildi íþrótta.

Markmið félagsins eru meðal annars:

- Að bjóða öllum aldurshópum upp á uppbyggilegt og öflugt íþróttastarf í öruggu umhverfi, þar sem lögð er áhersla á manngildi og jafnrétti, ásamt því að styrkja og efla iðkendur til framtíðar.
- Að bjóða upp á fjölbreytt úrval íþrótta fyrir félagsmenn á öllum aldri í einstaklings- og hópíþróttum, með heilbrigði og vellíðan að leiðarljósi.
- Að efla áhuga félagsmanna og almennings á heilsurækt og íþróttaiðkun.
- Að skapa öllum félagsmönnum vettvang til að leggja sitt af mörkum fyrir félagið og taka þátt í starfi þess eins og kostur er.

Tilgangi sínum og markmiðum hyggst félagið ná með stofnun og starfrækslu íþróttadeilda, einni í hverri grein, eftir því sem félagsmenn kunna að óska, undir sameiginlegri aðalstjórn félagsins. Aðalstjórn skal aðstoða við stofnun nýrra deilda og gildir stofnfundur, sem haldinn er eftir reglum aðalfunda deilda.

Innganga nýrra deilda í félagið skal borin upp til endanlegs samþykkis á næsta aðalfundi félagsins eftir stofnun hennar eða á sérstökum aukaaðalfundi, sbr. 5. mgr. 8. gr.

3. gr.
Félagsmerkið er skammstöfunin með hvítum stöfum á bláum skildi. Nærri brún skjaldarins er hvít rönd. Blár litur merkisins er Pantone 286 C.

Hlutföll merkisins eru breidd á móti hæð 1 á móti 1,6, hlutföll gullins sniðs. Innbyrðis hlutföll einstakra litaflata eru einnig í hlutföllunum 1 á móti 1,6. Hæð skjaldarins á móti bogformi í neðri hluta hans er í hlutföllunum 1 á móti 1,6. Íhvolfur bogi efst í skildinum á móti samsíða hliðum hans deilist í hlutföllunum 1,4 á móti 1. Við félagsmerkið er deildum leyfilegt að bæta við sérmerki íþróttagreinar sinnar, sem þarf þó samþykki aðalstjórnar félagsins.

4. gr.
Aðallitir á búningum félagsins eru hvítur og blár (sem næst blár Pantone 286) og skulu búningarnir auðkenndir með merki félagsins.

5. gr.
Allir skráðir iðkendur íþrótta hjá ÍR teljast vera félagsmenn. Hið sama gildir um þá sem sitja í aðalstjórn félagsins eða stjórnum einstakra deilda. Einnig getur hver sá sem þess óskar orðið félagi í ÍR. Iðkendur og stjórnarmenn deilda teljast vera félagar í viðkomandi deild félagsins. Heimilt er að ganga í fleiri en eina deild. Enn fremur er heimilt að gerast félagi, án þess að vera skráður í sérstaka deild. Úrsögn úr félaginu skal tilkynna skriflega deildarstjórn, eða aðalstjórn, ef félagi er ekki meðlimur deildar. Félagsmenn teljast félagsmenn þar til þeir sjálfir segja sig úr félaginu. Aðalstjórn getur þó vikið félagsmanni úr félaginu, sbr. 10. gr.

6. gr.

Árgjald félagsmanna, 18 ára og eldri, skal ákveðið á aðalfundi félagsins. Aðalstjórn skal sjá um innheimtu þess og skal árgjald hvers greiðanda þess renna til þeirrar deildar sem hann er skráður í, en í aðalsjóð félagsins ef greiðandinn er ekki skráður í sérstaka deild.

Sérhverri deild félagsins er heimilt að innheimta af öllum iðkendum hennar sérstök æfingagjöld. Þessi gjöld skulu standa undir kostnaði vegna æfinga og þátttöku í keppni á vegum deildarinnar.

Greiðandur æfingagjalda skulu vera undanþegnir greiðslu árgjalds til félagsins. Heimilt er að ákveða á aðalfundi félagsins að aðrir, svo sem stjórnarmenn í félaginu og starfsmenn þess, séu undanþegnir greiðslu árgjalds.

Halda skal rafræna félagaskrá á vegum aðalstjórnar og skal hún vistuð með tryggum hætti.

II. Aðalfundur félagsins

7. gr.

Aðalfundur félagsins skal haldinn fyrir apríllok ár hvert. Til aðalfundar skal boða á tryggilegan hátt með minnst viku fyrirvara. Aðalfundur er lögmætur ef minnst helmingur skráðra kjörinna fulltrúa samkvæmt kjörbréfi mætir. Hverri deild ber að skila kjörbréfum yfir fulltrúa sína við upphaf aðalfundar.

Aðalstjórn skal skipuð sjö einstaklingum. Formaður skal kjörinn sérstaklega og skriflega, ef fleiri en ein uppástunga kemur fram. Aðrir stjórnarmenn skulu kosnir í framhaldi af því. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum sem hér segir: varaformaður, ritari, gjaldkeri og meðstjórnendur.

Dagskrá aðalfundar skal vera svo:

1. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.
2. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
3. Skýrsla stjórnar um starfsemi ársins.
4. Lesnir og skýrðir endurskoðaðir reikningar.
5. Lagabreytingar.
6. Ákveðin árgjöld.
7. Lögð fram starfs- og fjárhagsáætlun næsta starfsárs.
8. Kosinn formaður.
9. Kosnir aðrir stjórnarmenn.
10. Kosnir tveir skoðunarmenn.
11. Önnur mál.

Á fundinum ræður meirihluti atkvæða, séu ekki önnur undantekningarákvæði í lögum þessum. Falli atkvæði jafnt skal kosning endurtekin og fáist þá ekki úrslit ræður hlutkesti. Að öðru leyti gilda almenn fundarsköp um framkvæmd aðalfundar félagsins.

8. gr.

Allir lögmætir félagsmenn hafa rétt til fundarsetu, málfrelsi og tillögurétt á aðalfundi félagsins. Atkvæðisrétt á aðalfundi hafa:

1. Stjórn félagsins.
2. Fulltrúar deilda, kjörnir á aðalfundum þeirra, einn fyrir hverja 50 félaga í deildinni, þó aldrei færri en einn og aldrei fleiri en sjö.

3. Kjörnir skoðunarmenn aðalreikninga félagsins.
4. Fyrrverandi formenn félagsins.

Enginn getur farið með fleiri en eitt atkvæði á aðalfundi.

Aðalfundur hefur æðsta vald í öllum málum félagsins, þegar undan er skilið ákvæði um fasteignakaup, sölu og veðsetningu, sbr. 5. mgr. 10. gr.

Aðalstjórn er skylt að halda aukaaðalfund félagsmanna, sem til skal boðað með sama hætti og aðalfundar, ef krafa um slíkt kemur fram frá meirihluta deildarstjórna, enda tilkynni þær um leið fundarefni það sem þær óska að rætt verði. Aukaaðalfundur hefur sama vald og aðalfundur, nema þar fara ekki fram lagabreytingar og ekki heldur stjórnarkosning nema þess sé sérstaklega krafist af hálfu meirihluta deildarstjórna og þess sé getið í fundarboði. Auk þess getur aðalstjórn boðað til aukaaðalfundar án þess að krafa komi fram um það frá stjórnum deilda. Aðalstjórn er skylt að boða til aukaaðalfundar er stjórnin verður óstarfhæf, svo sem ef meirihluti kjörinna stjórnarmanna hefur vikið úr stjórn.

9. gr.

Reikningsár félagsins og deilda skal vera almanaksárið og skulu reikningar hafa borist kjörnum skoðunarmönnum félagsins fjórum vikum fyrir aðalfund. Reikningar félagsins skulu vera aðgengilegir félagsmönnum í viku fyrir aðalfund.

III. Stjórn félagsins

10. gr.

Aðalstjórn fer með æðsta vald félagsins milli aðalfunda. Henni ber að efla félagið og gæta hagsmuna þess út á við sem heildar. Hún hefur umráð yfir eignum félagsins og ræður starfsemi þess í stórum dráttum í samráði við deildarstjórnir. Aðalstjórn skipar trúnaðarmenn í nefndir félagsins og á vegum þess, nema þá sem um getur í 13. gr.

Aðalstjórn er heimilt að ráða starfsmenn til félagsins og starfrækja skrifstofu. Starfsmenn starfa í umboði aðalstjórnar að þeim verkefnum sem stjórnin felur þeim í samræmi við tilgang félagsins.

Aðalstjórn er heimilt að skipa sérnefndir til að starfa að tilteknum verkefnum. Slíkum nefndum skal ávallt sett erindisbréf sem kveður á um viðfangsefni, tímamörk, valdsvið og fjárheimildir. Starfstímabil nefndanna skal ekki vera lengra en fram að næsta aðalfundi félagsins, nema ný aðalstjórn ákveði að framlengja starfstíma þeirra. Á fyrsta fundi sínum eftir aðalfund skal aðalstjórn ákvarða hvort starfstími sitjandi nefnda skuli framlengdur.

Alla sjóði félagsins og peningaeignir skal ávaxta í banka, sparisjóði eða viðurkenndum verðbréfamarkaði.

Kaup, sala og veðsetning fasteigna félagsins er bundin samþykki aðalstjórnar, enda hafi Formannafélagið, sbr. 20. gr., gefið samþykki sitt.

Aðalstjórn einni er heimilt að víkja mönnum úr félaginu, telji hún að framkoma þeirra hafi verið vítaverð og félaginu til vansa. Þrátt fyrir ákvæði 5. gr. geta þeir sem vikið er úr félaginu ekki öðlast aðild að því aftur nema með samþykki aðalstjórnar.

Formaður boðar til stjórnarfunda eða felur öðrum að boða til þeirra í sínu umboði. Stjórn félagsins er ályktunarbær ef meirihluti kjörinna stjórnarmanna er viðstaddur fund hennar, þó að því tilskyldu að fjögur atkvæði þarf að lágmarki til ályktunar.

11. gr.

Aðalstjórn félagsins skal halda fundi svo oft sem þurfa þykir. Rita skal fundargerðir vegna funda aðalstjórnar og skulu þær varðveittar með tryggum hætti.

Aðalstjórn félagsins skal halda fundi með formönnum hinna einstöku deilda þegar tilefni gefst til og eigi sjaldnar en tvisvar á ári fundi með öllum formönnum deilda saman. Á fundum þessum skulu deildarformenn gefa skýrslu um starfsemi deildanna og stjórn félagsins gefa skýrslu um starfsemi og áform á vegum félagsins.

12. gr.

Aðalstjórn félagsins er skylt að hafa eftirlit með fjárreiðum deilda og er heimilt að krefja stjórnir deilda um rekstraryfirlit og greiðslustöðu þegar ástæða þykir til. Aðalstjórn hefur á hverjum tíma rétt til að skoða bókhald og fjárreiður deilda. Aðalstjórn getur tilnefnt sérstakan trúnaðarmann sem kynnir sér fjárhag og stöðu deildar og getur komið með fyrirmæli um úrbætur ef þurfa þykir. Aðalstjórn skal að öðru leyti ákveða með hvaða hætti þessum ákvæðum verður framfylgt.

